

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS 2026–2027





**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

2026 – 2027

GUÐNI TÓMASSON

FRAMKVÆMDASTJÓRI
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

„Hápunktar starfsársins eru fjölmargir en það er ekki laust við að einhver andi goðsagna og dularfullrar orku einkenni efnisvalið.“



Kæru tónlistarunnendur

Nú er heldur betur spennan í lofti!

Hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands ríkir mikil tilhlökkun fyrir nýju starfsári enda ekki á hverjum degi sem nýr aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi kemur til starfa. Eins og tónleikagestir hljómsveitarinnar hafa fengið að kynna á undanförunum árum er Barbara Hannigan ótrúlega litríkur og hugmyndaþróun listamaður og við munum njóta hennar krafta næstu árin. Barbara á magnaðan söngferil og hefur einnig vakið mikla athygli á síðari árum sem hljómsveitarstjóri hjá mörgum virtustu sinfóníuhljómsveitum heims, með viðtæka og áhugaverða sýn á tónlist og áhrifamátt hennar.

Tónleikaárið framundan er gríðarlega fjölbreytt og framsækið. Frábærir gestir koma til samstarfs við sveitina og tónlistin er bæði litrík og spennandi. Sumir listamannanna framlengja heimsókn sína og deila með okkur list sinni á einleiks- eða kammer-tónleikum. Hápunktar starfsársins eru fjölmargir og það er ekki laust við að einhver andi goðsagna og dularfullrar orku einkenni efnisvalið.

Með fjölbreyttri dagskrá, fjölskyldu- og skólatónleikum ásamt öðru fræðslustarfi viljum við opna heim tónlistarinnar upp á gátt fyrir sem flestum. Allt snýst þetta um að snerta hjörtu og víkka sjóndeildarhringinn. Það er von okkar að sem flestir komi til fundar við tónlistina við bestu aðstæður í Hörpu, því tónlistin veitir lífsfyllingu og er frábær förunautur í gegnum lífið.

Við leggjum saman upp í ferðalag, hvert það leiðir, mun koma á óvart!



BARBARA HANNIGAN

ÞÁÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Kæru tónleikagestir

Strax við fyrstu kynni mín af Sinfóníuhljómsveit Íslands vorið 2022 fann ég fyrir sterkri tengingu; sameiginlegum anda ímyndunarafis, hugrekki og forvitni. Hér fann ég sterka einstaklinga og skapandi listamenn en ekki síður sterka samkennd í hópnum. Slíkt er ekki sjálfsgagt í hljómsveitum og ég met það mikils.

Ég ólst upp í Nova Scotia á Atlantshafsströnd Kanada, sem líkt og Ísland mótast af náttúruöflum, fámenni og fjarlægð frá stórborgum heimsins. En listræn orka og dirfska getur komið víða að og Ísland er vitanlega frábært dæmi um það. Það verður spennandi að fá að taka þátt í ykkar dýrmæta tónlistarlífi.

Ég hlakka til að fagna ríkri sögu og einstökum sérkennum hljómsveitarinnar, og að uppgötva nýjar leiðir á nýjum tímum með áheyrendum. Ég hef alltaf haft óbilandi trú á áhrifamætti lifandi tónlistarflutnings; þeim galdri sem getur skapast í tónleikasalnum og verður ekki endurtekinn. Sameiginleg upplifun tónlistar; spennan og eftirvæntingin, undrun og fegurð, eru kjarni þess galdurs og ég vona að tónleikagestir finni að þeir eru alltaf velkomnir í ævintýraheim tónlistarinnar. Sumir tónleikanna byggja á kunnuglegum hefðum, á meðan aðrir leiða okkur inn á nýjar óvæntar slóðir. Hvort tveggja er nauðsynlegt – og fyrir alla. Þegar best lætur getur tónlistin hughreyst okkur og ögrað, vakið okkur og umbreytt. Sérhver áheyrandi leggur sömuleiðis eitt-hvað einstakt til þeirrar upplifunar.

Ég hlakka til að deila þessu starfsári með framúrskarandi samstarfsfólki, þar á meðal staðarlistamanni okkar, píanóleikaranum Bertrand Chamayou og staðartónskáldinu Huga Guðmundssyni. Við Bertrand höfum lengi unnið saman og það er dýrmætt að fá að taka þátt í sköpun nýrrar tónlistar með Huga, bæði sem söngkona og hljómsveitarstjóri. Umfram allt er ég himinlifandi yfir því að hefja þetta ferðalag, þennan könnunarleiðangur með hljómsveitinni og ykkur.

„Ég hef alltaf haft óbilandi trú á áhrifamætti lifandi tónlistarflutnings; þeim galdri sem getur skapast í tónleikasalnum og verður ekki endurtekinn.“

2026

LAU 22. ÁGÚST KL. 15 & 17

OPIÐ HÚS
HJÁ SINFÓ
MENNINGARNÓTT

FÖS 28. ÁGÚST KL. 20

KLASSÍKIN
OKKAR

ÞRI 1. SEPTEMBER KL. 18

OPIN KYNNING
MEÐ BARBÖRU HANNIGAN

FIM 3. SEPTEMBER KL. 19:30

ATTACCA!
UPPHAFSTÓNLEIKAR

FIM 10. SEPTEMBER KL. 19:30

CHAMAYOU
LEIKUR RAVEL

FÖS 11. SEPTEMBER KL. 18

BERTRAND
CHAMAYOU
EINLEIKSTÓNLEIKAR

LAU 19. SEPTEMBER KL. 14

TIL HAMINGJU
MOZART

SUN 20. SEPTEMBER KL. 14

UNGSVEITIN
LEIKUR
SHEHERAZADE

FIM 24. SEPTEMBER KL. 20

MEISTARI
MORRICONE

FIM 1. OKTÓBER KL. 19:30

SCHUMANN
& BEETHOVEN

FIM 8. OKTÓBER KL. 19:30

ALINA IBRAGIMOVA
& BEETHOVEN NÍU

FÖS 9. OKTÓBER KL. 20

EDWARD GARDNER
STJÓRNAR NÍUNDU

FIM 15. OKTÓBER KL. 19:30

DALENE
LEIKUR ADÈS

FIM 22. OKTÓBER KL. 19:30

LÝRÍSKA
SINFÓNÍAN

FIM 29. OKTÓBER KL. 19:30

POGA STJÓRNAR
SHOSTAKOVITSJ

FIM 5. NÓVEMBER KL. 19

DADI FREYR
& SINFÓ

FIM 12. NÓVEMBER KL. 19:30

PSYCHO
BÍÓTÓNLEIKAR

FÖS 13. NÓVEMBER KL. 18

SAKARI STJÓRNAR
BLÁSARASVEITINNI
BLÁSARATÓNLEIKAR

FIM 19. NÓVEMBER KL. 19:30

STORGARÐS
STJÓRNAR
BRUCKNER 2

FIM 26. NÓVEMBER KL. 19:30

HANNIGAN
& HORSCH

LAU 28. NÓVEMBER KL. 14

HEIMSHORNA Á MILI
KAMMERTÓNLEIKAR

FIM 3. DESEMBER KL. 19:30

AÐVENTUTÓNLEIKAR

LAU, SUN 12.-13. DESEMBER KL. 14 & 16

JÓLATÓNLEIKAR
SINFÓNÍUNNAR

2027

LAU 13. FEBRÚAR KL. 17

BARBARA
SYNGUR ZORN
KAMMERTÓNLEIKAR

LAU 20. FEBRÚAR KL. 14 & 15

PÍNULTIL
TÓNSPROTINN

FRUMSÝNING LAU 6. MARS

FALSTAFF
ÓPERAN

FIM 11. MARS KL. 19:30

ÁSTA DÓRA
LEIKUR GRIEG

FIM 18. MARS KL. 19

MATTHEUSARPASSÍAN

FÖS 2. APRÍL KL. 19:30

HISAISHI
STJÓRNAR
HISAISHI

FÖS, LAU 9.- 10. APRÍL

BÍÓTÓNLEIKAR
KVIKMYNDIN KYNNT SÍÐAR

FIM 15. APRÍL KL. 19:30

EVA STJÓRNAR
BRUCKNER 5

FÖS 23. APRÍL KL. 19:30

UNGIR
EINLEIKARAR

FIM 29. APRÍL KL. 19:30

LEONSKAJA
LEIKUR MOZART

FÖS 30. APRÍL KL. 18

ELISABETH
LEONSKAJA
EINLEIKSTÓNLEIKAR

LAU 8. MAÍ KL. 14

Í GRÆNNI LAUTU

FIM 20. MAÍ KL. 19:30

ANTONINI
& AVITAL

FIM 27. MAÍ KL. 19:30

FREYJA

FIM 3. JÚNÍ KL. 19:30 HARPA
FÖS 4. JÚNÍ KL. 19:30 HOF

DRAUMUR Á
JÓNSMESSUNÓTT

FIM 10. JÚNÍ KL. 19:30

TAN DUN &
STRAVINSKÍJ

FIM, FÖS, LAU 7.-9. JANÚAR

VÍNARTÓNLEIKAR

FIM 14. JANÚAR KL. 19:30

FRÁ NÝJA
HEIMINUM

FIM 28. JANÚAR KL. 19:30

SINFÓNÍAN
Á MYRKUM

FIM 4. FEBRÚAR KL. 19:30

ARNHEIÐUR
SYNGUR MAHLER

FIM 11. FEBRÚAR KL. 19:30

PRÓMEPEIFUR

ÁSKRIFT AÐ UPPLIFUN



Með áskrift að tónleikaröð
tryggir þú þér besta verðið
og þitt sæti í Eldborg

ÁSKRIFTAKORT

Boðið er upp á fimm ólíkar tónleikaraðir á starfsárinu og veitir áskrift **20% afslátt** frá almennu miðaverði.

Áskrifendur fá einnig 10% afslátt af viðbótarmiðum og gjafakortum Sinfóniunnar.

Áskrifendur ganga að sætum sínum vísum og eiga forkaupsrétt á þeim þegar kemur að endurnýjun áskriftar.

Tvær áskriftaraðir veita **25% afslátt** af miðaverði og þrjár áskriftaraðir veita **30% afslátt** af miðaverði.

REGNBOGAKORT

Regnbogaáskrift hentar þeim sem vilja setja saman sína eigin tónleikaröð. Veldu að lágmarki ferna tónleika úr dagskrá starfsársins og fáðu **20% afslátt** af almennu miðaverði. Regnbogaáskrifendur fá einnig **10% afslátt** af viðbótarmiðum og gjafakortum Sinfóniunnar.

FYRIR 25 ÁRA OG YNGRI

25 ára og yngri njóta **50% afsláttar** með Regnbogakorti af almennu miðaverði á verðsvæðum 2 og 3 í Eldborg.

SKÓLAKORT

Ungt fólk, **25 ára og yngra**, getur keypt miða á almenna tónleika Sinfóníuhljóm-sveitarinnar samdægurs á **2.590 kr.** með Skólakorti. Hægt er að velja úr lausum sætum hvar sem er í salnum.

Skráðu þig fyrir Skólakorti og fáðu frekari upplýsingar á sinfonia.is/skolakort eða í miðasölu Hörpu.

KORTA- & MIÐASALA

Sala og endurnýjun áskrifta fer fram á sinfonia.is og í **miðasölu Hörpu**. Upplýsingar um áskriftarverð og verðsvæði má finna á blaðsíðu 79 og á sinfonia.is/askriftaradir.

Miðasala
528 5050 / midasala@harpa.is

RAUÐA RÖÐIN

7 TÓNLEIKAR

Fyrir þau sem vilja kraftmikla sinfóníska tónlist með íslenskum og erlendum einleikurum í fremstu röð.



FIM 10. SEPTEMBER KL. 19:30

CHAMAYOU LEIKUR RAVEL

BARBARA HANNIGAN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
OG EINSÖNGVARI

BERTRAND CHAMAYOU EINLEIKARI

ALBERT ROUSSEL

LE FESTIN DE L'ARAINÉE / KÖNGULÓARVEISLAN
OLIVIER MESSIAEN

OISEAUX EXOTIQUES / FRAMANDI FUGLAR
BENJAMIN BRITTEN | LES ILLUMINATIONS
MAURICE RAVEL | PÍANÓKONSERT Í G-DÚR

FIM 15. OKTÓBER KL. 19:30

DALENE LEIKUR ADÈS

DANÍEL BJARNASON HLJÓMSVEITARSTJÓRI
JOHAN DALENE EINLEIKARI

JEAN SIBELIUS | RÁNARDÆTUR

THOMAS ADÈS | FIÐLUKONSERT,
CONCENTRIC PATHS

BENJAMIN BRITTEN | PASSACAGLIA

ÚR ÓPERUNNI PETER GRIMES
JEAN SIBELIUS | SINFÓNÍA NR. 7

FIM 29. OKTÓBER KL. 19:30

POGA STJÓRNAR SHOSTAKOVITSJ

ANDRIS POGA HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ALEXANDER ROSLAVETS EINSÖNGVARI
KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR
OG SÖNGHÓPURINN KYRJA

SERGEJ RAKHMANÍNOV | EYJA HINNA DAÐU
DMÍTRÍJ SHOSTAKOVITSJ | SINFÓNÍA NR. 13
„BABÍ JAR“

FIM 14. JANÚAR KL. 19:30

FRÁ NÝJA HEIMINUM

OLARI ELTS HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ISABELLE FAUST EINLEIKARI

HJÁLMAR H. RAGNARSSON
DJÚPIÐ – SÁLUMESSA, FRUMFLUTNINGUR
BRETT DEAN | THE LOST ART OF LETTER WRITING,
FYRIR FIÐLU OG HLJÓMSVEIT
ANTONÍN DVOŘÁK | SINFÓNÍA NR. 9 Í E-MOLL,
„FRÁ NÝJA HEIMINUM“

FIM 11. MARS KL. 19:30

ÁSTA DÓRA LEIKUR GRIEG

TABITA BERGLUND HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ÁSTA DÓRA FINNSDÓTTIR EINLEIKARI

CARL NIELSEN | HELÍOS FORLEIKUR
EDVARD GRIEG | PÍANÓKONSERT Í A-MOLL
ANNA ÞORVALDSDÓTTIR
SHADOWS OF SOLACE
FRUMFLUTNINGUR Á ÍSLANDI

FIM 15. APRÍL KL. 19:30

EVA STJÓRNAR BRUCKNER 5

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
STEFAN DOHR EINLEIKARI

STEINGRÍMUR ROHLOFF | HORNKONSERT
ANTON BRUCKNER | SINFÓNÍA NR. 5

FIM 3. JÚNÍ KL. 19:30 HARPA
FÖS 4. JÚNÍ KL. 19:30 HOF

DRAUMUR Á JÓNSMESSUNÓTT

BARBARA HANNIGAN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINSÖNGVARI

FELIX MENDELSSOHN
ÞÆTTIR ÚR DRAUMI Á JÓNSMESSUNÓTT
AARON COPLAND | DANCE SYMPHONY
RICHARD RODGERS | CAROUSEL WALTZ
BILL ELLIOTT | AT THE FAIR

GULA RÖÐIN

7 TÓNLEIKAR

Fyrir þau sem vilja fjölbreytt og litrík meistaraverk úr ýmsum áttum með glæsilegum einleikurum og stjórnendum.



FIM 8. OKTÓBER KL. 19:30

ALINA IBRAGIMOVA & BEETHOVEN NIÚ

EDWARD GARDNER HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ALINA IBRAGIMOVA EINLEIKARI
HARPA ÓSK BJÖRNSDÓTTIR, HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR, STUART SKELTON OG
ANDRI BJÖRN RÓBERTSSON EINSÖNGVARAR
SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA
OG KÓR LANGHOLTSKIRKJU

SERGEJ PROKOFIEV | FÍBLUKONSERT NR. 1
LUDWIG VAN BEETHOVEN | SINFÓNÍA NR. 9

FIM 22. OKTÓBER KL. 19:30

LÝRISKA SINFÓNÍAN

INGO METZMACHER HLJÓMSVEITARSTJÓRI
BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR EINSÖNGVARI
ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON
EINSÖNGVARI

FRANZ SCHUBERT | SINFÓNÍA NR. 8
„ÓFULLGERÐA SINFÓNÍA“
ALEXANDER ZEMLINSKY | LÝRISK SINFÓNÍA

FIM 19. NÓVEMBER KL. 19:30

STORGÁRDS STJÓRNAR BRUCKNER 2

JOHN STORGÁRDS
HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINLEIKARI
ALEXANDRA DARIESCU EINLEIKARI

CLARA SCHUMANN | 3 RÓMÖNSUR
CLARA SCHUMANN | PÍANÓKONSERT
ANTON BRUCKNER | SINFÓNÍA NR. 2

FIM 11. FEBRÚAR KL. 19:30

PRÓMEPEIFUR

BARBARA HANNIGAN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINSÖNGVARI
BERTRAND CHAMAYOU EINLEIKARI
RAFAEL ADOBAS BAYOG EINLEIKARI

GEORGE CRUMB | A HAUNTED LANDSCAPE
CLAUDE DEBUSSY | SYRINX
JEAN SIBELIUS | LUONNOTAR
MARIA HULD MARKAN SIGFÚSDÓTTIR
AEQUORA
ALEKSANDR SKRJABÍN
PRÓMEPEIFUR, LJÓÐ ELDSINS

FIM 29. APRÍL KL. 19:30

LEONSKAJA LEIKUR MOZART

TOMÁŠ HANUS HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ELISABETH LEONSKAJA EINLEIKARI

WOLFGANG AMADEUS MOZART
PÍANÓKONSERT NR. 24
BEDŘICH SMETANA
MÁ VLAST / FÖBURLAND MITT

FIM 27. MAÍ KL. 19:30

FREYJA

BARBARA HANNIGAN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINSÖNGVARI

HUGI GUÐMUNDSSON
FREYJA - FRUMFLUTNINGUR
LUDWIG VAN BEETHOVEN | SINFÓNÍA NR. 2

FIM 10. JÚNÍ KL. 19:30

TAN DUN & STRAVINSKÍJ

TAN DUN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
SORAYA NAYYAR EINLEIKARI

IGOR STRAVINSKÍJ | FEU D'ARTIFICE / FLUGELDAR
TAN DUN | WATER CONCERTO,
KONSERT FYRIR VATNSSLAGVERK OG HLJÓMSVEIT
IGOR STRAVINSKÍJ | LE CHANT DU ROSSIGNOL
SÖNGUR NÆTURGALANS
TAN DUN | PASSACAGLIA:
SECRETS OF WINDS AND BIRDS

GRAENA RÖÐIN



5 TÓNLEIKAR

Fyrir þau sem vilja þekkta og aðgengilega klassík með fyrsta flokks einleikurum og söngvurum.



FIM 1. OKTÓBER KL. 19:30

SCHUMANN & BEETHOVEN

BAR AVNI HLJÓMSVEITARSTJÓRI
BRYAN CHENG EINLEIKARI

LILI BOULANGER
D'UN MATIN DE PRINTEMPS / Á VORMORGN
ROBERT SCHUMANN | SELLÓKONSERT
CHARLOTTE SOHY | SINFÓNÍA Í CÍŠ-MOLL
LUDWIG VAN BEETHOVEN
LEÓNÓRA, FORLEIKUR NR. 3

FIM 26. NÓVEMBER KL. 19:30

HANNIGAN & HORSCH

BARBARA HANNIGAN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
LUCIE HORSCH EINLEIKARI

JOHANN SEBASTIAN BACH | RICERCAR A 6
JOHANN SEBASTIAN BACH
KONSERT FYRIR BLOKKFLAUTU, BWV 1053
ÍGOR STRAVINSKÍJ | DUMBARTON OAKS
ERKKI-SVEN TÚUR
WHISTLES AND WHISPERS FROM ULURU
SERGEJ PROKOFÍEV | SINFÓNÍA NR. 1
„KLASSÍSKA SINFÓNÍAN“

FIM 7. JANÚAR KL. 19:30

VÍNARTÓNLEIKAR

CHRISTOPH KONCZ HLJÓMSVEITARSTJÓRI
HARPA ÓSK BJÖRNSDÓTTIR OG
EGGERT REGINN KJARTANSSON
EINSÖNGVARAR

FIM 4. FEBRÚAR KL. 19:30

ARNHEIÐUR SYNGUR MAHLER

TOMÁŠ HANUS HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ARNHEIÐUR EIRÍKSDÓTTIR EINSÖNGVARI
ANTONÍN DVOŘÁK | KARNIVAL FORLEIKUR
GUSTAV MAHLER | SÖNGVAR FÖRUSVEINSINS
GUSTAV MAHLER | URLICHT ÚR SINFÓNÍU NR. 2
JOHANNES BRAHMS | SINFÓNÍA NR. 1

FIM 20. MAÍ KL. 19:30

ANTONINI & AVITAL

GIOVANNI ANTONINI
HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINLEIKARI
AVI AVITAL EINLEIKARI

JOSEPH BOLOGNE | SINFÓNÍA NR. 1
JOHANN NEPOMUK HUMMEL
MANDÓLÍNKONSERT Í G-DÚR
JOHANN SEBASTIAN BACH | KONSERT FYRIR
MANDÓLÍN OG BLOKKFLAUTU Í C-MOLL, BWV 1060R
WOLFGANG AMADEUS MOZART
SINFÓNÍA NR. 41, JÚPÍTER

LITLI TÓNSPROTINN

3 TÓNLEIKAR

Fjölskyldutónleikar þar sem yngstu gestirnir kynnast töfrum tónlistarinnar. Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir án hlés. Hrífandi ævintýri sem heilla börn á öllum aldri.



LAU 19. SEPTEMBER KL. 14

TIL HAMINGJU MOZART

RICHARD SCHWENNICKE HLJÓMSVEITARSTJÓRI
HALLDÓRA GEIRHARÐSDÓTTIR KYNNIR
BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR EINSÖNGVARI
UNNSTEINN ÁRNASON EINSÖNGVARI

WOLFGANG AMADEUS MOZART | BRÖT ÚR EINE
KLEINE NACHTMUSIK, SINFÓNÍU NR. 1, KONSERT
FYRIR FLAUTU OG HÖRPU, TÖFRAFLAUTUNNI,
RONDO ALLA TURCA O.FL.

LAU 12. DESEMBER KL. 14

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

NICHOLAS SWENSEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
TRÚÐURINN BARBARA/
HALLDÓRA GEIRHARÐSDÓTTIR KYNNIR
ÁLFHEIÐUR ERLA GUÐMUNDSDÓTTIR,
JÓHANN KRISTINSSON OG
KOLBRÚN VÖLKUDÓTTIR EINSÖNGVARAR
KÓRAR, BJÖLLUKÓRAR, DANSARAR O.FL. GESTIR

LAU 8. MAÍ KL. 14

Í GRÆNNI LAUTU

HJÖRTUR PÁLL EGGERTSSON HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ÓLAFUR EGILL ÓLAFSSON SÖGUMAÐUR OG KYNNIR

ANTONIO VIVALDI | ÚR ÁRSTÍÐUNUM
NIKOLAJ RIMSKÍJ-KORSAKOV | BÝFLUGAN
INGI T. LÁRUSSON | Ó, BLESSUÐ VERTU SUMARSÓL
MILEY CYRUS | BLÓM
VAUGHAN WILLIAMS | GEITUNGARNIR, FORLEIKUR
JOSEPH KOSMA | HAUSTLAUF
ENSKT LAG | FROST ER ÚTI FUGLINN MINN
ÍSLENSKT ÞJÓÐLAG | KRUMMI SVAF Í KLETTAGJÁ

SVARTA RÖÐIN



5 TÓNLEIKAR

Áhugaverðir og óvenjulegir kammer- og einleikstónleikar í Norðurljósum. Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir án hlés. Láttu koma þér á óvart!



FÖS 11. SEPTEMBER KL. 18

BERTRAND CHAMAYOU EINLEIKSTÓNLEIKAR

BERTRAND CHAMAYOU PÍANÓ

FELIX MENDELSSOHN | LIEDER OHNE WORTE
CHARLES IVES SONG WITHOUT (GOOD) WORDS
JOHN LENNON & PAUL MCCARTNEY /
TORU TAKEMITSU | GOLDEN SLUMBERS
ROBERT SCHUMANN / FRANZ LISZT | WIDMUNG
GEORGE CRUMB | EINE KLEINE MITTERNACHTMUSIK
GYÖRGY KURTÁG | SCRAPS OF A COLINDA
MELODY - FAINTLY RECOLLECTED
FRANZ SCHUBERT | WANDERER FANTASIE

FÖS 13. NÓVEMBER KL. 18

SAKARI STJÓRNAR BLÁSARASVEITINNI BLÁSARATÓNLEIKAR

BLÁSARASVEIT
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS
PETRI SAKARI HLJÓMSVEITARSTJÓRI
PAUL DUKAS | FANFARE POUR PRÉCÉDER LA PÉRI
DARIUS MILHAUD | DIXTOUR
ÍGOR STRAVINSKÍJ | SINFÓNÍUR FYRIR BLÁSARA
RUTH GIPPS | SEASCAPES
MAGNUS LINDBERG | GRAN DUO

LAU 28. NÓVEMBER KL. 14

HEIMSHORNA Á MILH KAMMERTÓNLEIKAR

BARBARA HANNIGAN EINSÖNGVARI
LUCIE HORSCH EINLEIKARI
HLJÓÐFÆRALEIKARAR ÚR
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
LUCIANO BERIO | ÞJÓÐLÖG
GEORG PHILIP TELEMANN | TVÍKONSERT FYRIR
BLOKKFLAUTU OG ÞVERFLAUTU
BÉLA BARTÓK | RÚMENSKIR ÞJÓÐDANSAR
BÉLA BARTÓK | ÞRJÚ RÚMENSK ÞJÓÐLÖG
ASTOR PIAZZOLLA | LIBERTANGO
CHARLIE PARKER | TICOTICO
ÍSLENSKT ÞJÓÐLAG | MÖÐIR MÍN Í KVÍ KVÍ

LAU 13. FEBRÚAR KL. 17

BARBARA SYNGUR ZORN KAMMERTÓNLEIKAR

BARBARA HANNIGAN EINSÖNGVARI
BERTRAND CHAMAYOU PÍANÓLEIKARI
OLIVIER MESSIAEN | CHANTS DE TERRE
ET DE CIEL / SÖNGVAR HIMINS OG JARÐAR
ALEXANDER SKRJABÍN
POÈME NOCTURNE / NÆTURLJÓÐ
ALEXANDER SKRJABÍN
VERS LA FLAMME / TIL LOGANS
JOHN ZORN | JUMALATTERET / GYÐJUR

FÖS 30. APRÍL KL. 18

ELISABETH LEONSKAJA EINLEIKSTÓNLEIKAR

ELISABETH LEONSKAJA PÍANÓ
LUDWIG VAN BEETHOVEN | FANTASÍA OP. 77
FRANZ SCHUBERT
PIANÓSÓNATA Í B DÚR, D. 960

ÝMSIR TÓNLEIKAR



LAU 22. ÁGÚST KL. 15 & 17

OPIÐ HÚS HJÁ SINFÓ MENNINGARNÓTT

ROLF VERBEEK HLJÓMSVEITARSTJÓRI
SÆVAR HELGI BRAGASON KYNNIR

FÖS 28. ÁGÚST KL. 20

KLASSÍKIN OKKAR

DANÍEL BJARNASON HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ÁLFHEIÐUR ERLA GUÐMUNSDÓTTIR
EINSÖNGVARI
BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR EINSÖNGVARI
ELMAR GILBERTSSON EINSÖNGVARI
UNNSTEINN MANUEL STEFÁNSSON
EINSÖNGVARI
ÁSTA DÓRA FINNSDÓTTIR EINLEIKARI
KARLAKÓR REYKJAVÍKUR

FIM 3. SEPTEMBER KL. 19:30

ATTACCA! UPPHAFSTÓNLEIKAR

BARBARA HANNIGAN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
CHARLES IVES | FROM THE STEEPLES
AND THE MOUNTAINS
HUGI GUÐMUNDSSON | UNDARK
FRUMFLUTNINGUR
JOHN CAGE | 4:33
GUSTAV MAHLER | SINFÓNÍA NR. 1

SUN 20. SEPTEMBER KL. 14

UNGSVEITIN LEIKUR SHEHERAZADE

UNGSVEIT SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR
ÍSLANDS
NATHANAËL ISELIN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
NIKOLAJ RIMSKÍJ-KORSAKOV | SHEHERAZADE

FIM 24. SEPTEMBER KL. 20

MEISTARI MORRICONE

THIAGO TIBERIO HLJÓMSVEITARSTJÓRI
DÍSELLA LÁRUSDÓTTIR EINSÖNGVARI
ENNIO MORRICONE | KVIKMYNDATÓNLIST

FÖS 9. OKTÓBER KL. 20

EDWARD GARDNER STJÓRNAR NIUNDU

EDWARD GARDNER HLJÓMSVEITARSTJÓRI
HARPA ÓSK BJÖRNSDÓTTIR,
HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR, STUART
SKELTON OG ANDRI BJÖRN RÓBERTSSON
EINSÖNGVARAR
SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA
OG KÓR LANGHOLTSKIRKJU
LUDWIG VAN BEETHOVEN | SINFÓNÍA NR. 9

FIM 5. NÓVEMBER KL. 19

DAÐI FREYR & SINFÓ

DANÍEL BJARNASON HLJÓMSVEITARSTJÓRI

FIM 12. NÓVEMBER KL. 19:30

PSYCHO BÍOTÓNLEIKAR

PSYCHO
ALFRED HITCHCOCK LEIKSTJÓRI
BERNARD HERRMANN TÓNLIST
BEN PALMER HLJÓMSVEITARSTJÓRI

ÝMSIR TÓNLEIKAR

FIM 3. DESEMBER KL. 19:30

AÐVENTUTÓNLEIKAR

MATTHEW HALLS HLJÓMSVEITARSTJÓRI
GEIRPRÚÐUR ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR
EINLEIKARI

WOLFGANG AMADEUS MOZART
BALLETTÓNLIST ÚR ÓPERUNNI IDOMENEO
JOSEPH HAYDN | SELLÓKONSERT NR. 2
MARIANNA MARTINES | SINFÓNÍA Í C-DÚR
WOLFGANG AMADEUS MOZART
SINFÓNÍA NR. 36 „LINZ“

FIM 28. JANÚAR KL. 19:30

SINFÓNÍAN Á MYRKUM

BJARNI FRÍMANN BJARNASON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
CAROLIN WIDMANN EINLEIKARI

ÞURÍÐUR JÓNSDÓTTIR | MISS REYKJAVÍK RITA
CLARA IANNOTTA | SAND LIKE GOLD-LEAF
IN SMITHEREENS
KJARTAN SVEINSSON | NÝTT VERK
HAUKUR TÓMASSON | SIXTY SILVER DOMES
BÁRA GÍSLADÓTTIR | SEA SONS SEASONS

LAU 20. FEBRÚAR KL. 14 & 15

PÍNULITL TÓNSPROTINN

RAGNHEIÐUR INGUNN JÓHANNSDÓTTIR
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

NÍELS THIBAUD GIRERD / BOLLI
KÖNNUSON LE STELL KYNNIR

FRUMSÝNING LAU 6. MARS

FALSTAFF ÓPERAN

ALEXANDER JOEL HLJÓMSVEITARSTJÓRI
BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR LEIKSTJÓRI
ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON FALSTAFF

GIUSEPPE VERDI | FALSTAFF

FIM 18. MARS KL. 19

MATTHEUSARPASSÍAN

BENEDIKT KRISTJÁNSSON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINSÖNGVARI
ANTON HAUPT, HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR,
ODDUR ARNÞÓR JÓNSSON, REGINALD
MOBLEY OG SVEINN DÚA HJÖRLEIFSSON
EINSÖNGVARAR

KÓR LANGHOLTSKIRKJU, MÓTETTUKÓRINN
OG SKÓLAKÓR KÁRSNESSKÓLA

JOHANN SEBASTIAN BACH
MATTHEUSARPASSÍAN

FÖS 2. APRÍL KL. 19:30

HISAISHI STJÓRNAR HISAISHI

JOE HISAISHI HLJÓMSVEITARSTJÓRI
TÓNLIST EFTIR JOE HISAISHI

FÖS, LAU 9.- 10. APRÍL

BÍÓTÓNLEIKAR KVIKMYNDIN KYNNT SIÐAR

FÖS 23. APRÍL KL. 19:30

UNGIR EINLEIKARAR

SAMUEL LEE HLJÓMSVEITARSTJÓRI
SIGURVEGARAR KEPPNINNAR
UNGIR EINLEIKARAR





BARBARA HANNIGAN

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI



Það eru mikil tímamót í sögu Sinfóníuhljómsveitar Íslands nú þegar Barbara Hannigan hefur störf sem nýr aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi. Á ferli sem spannar ríflega þrjá áratugi hefur hún vakið gríðarlega aðdáun fyrir hljómsveitarstjórn og stórfenglegan söng og tvinnar oft saman þessi tvö hlutverk á einstakan máta. Barbara starfar með mörgum af fremstu sinfóníuhljómsveitum heims en þetta er í fyrsta sinn sem hún tekur að sér hlutverk aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda.

Listræn sýn Barböru Hannigan einkennist af nýsköpun, dirfsku og ferskleika. Verkefnaval hennar kemur oft á óvart en einkennist jafnframt af djúpri hugsun og botnlausri virðingu fyrir tónlistinni. Hún hefur unnið náið með stórum hópi tónskálda, frumflutt fjölda nýrra tónverka og lagt sérstaka rækt við nýja tónlist.

Barbara Hannigan er hlaðin verðlaunum og viðurkenningum fyrir list sína, hefur meðal annars hlotið Grammy- og Gramophone verðlaun, Sonning-verðlaunin og árið 2025 hlaut hún hin virtu Polar-tónlistarverðlaun. Við það tilefni sagði dómnefnd verðlaunanna að „einstakir tónlistarhæfileikar Hannigan og hugrekkji geri hana að einum fremsta túlkanda sígildrar- og samtímatónlistar í dag.“

BERTRAND CHAMAYOU

STAÐARLISTAMAÐUR



Franski píanóleikarinn Bertrand Chamayou er staðarlistamaður starfsársins. Hann er einn mest skapandi píanóleikari samtímans, þekktur fyrir túlkun sína sem er í senn kraftmikil, hugmyndarík og einstaklega falleg. Chamayou er leiðandi í túlkun franskrar tónlistar, til dæmis á verkum eftir Ravel, Liszt og Messiaen. Hann býr jafnframt yfir djúpri ástríðu fyrir nýrri tónlist og hefur unnið með tónskáldum á borð við Pierre Boulez, Henri Dutilleux, Thomas Adès og fleirum. Chamayou leikur reglulega í virtustu tónleikasölum heims og hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir upptökur sínar, m.a. á öllum píanóverkum Ravels.

Á þessu starfsári leikur Chamayou á alls fernum tónleikum. Hann kemur fram sem einleikari á tvennum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Hannigan þar sem hann mun flytja tvo glæsilega píanókonserta. Auk þess leikur hann á einleikstónleikum og kammertónleikum með Barböru Hannigan en þau hafa starfað reglulega saman.

HUGI GUÐMUNDSSON

STAÐARTÓNSKÁLD



Hugi Guðmundsson er nýtt staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands til tveggja ára. Hann hefur fyrir löngu skipað sér í röð athyglisverðustu tónskálda þjóðarinnar. Hugur lærði tónsmíðar við tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík, Konunglega danska tónlistarháskólann og raftónlist við Sonology stofnunina í Haag. Hann hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, innanlands og á alþjóðlegum vettvangi.

Sem staðartónskáld hljómsveitarinnar mun Hugur semja fjögur hljómsveitarverk af ólíkum toga. Á upphafstónleikum starfsársins verður frumflutt nýtt verk, Undark, undir stjórn Barböru Hannigan. Þá vinnur Hugur að konsert fyrir Hannigan sem hefur hlotið nafnið Freyja og verður frumfluttur í maí 2027. Hugur vinnur einnig að tveimur öðrum tónverkum sem hljómsveitin frumflytur starfsárið 2027–28.

TOMÁŠ HANUS

AÐALGESTASTJÓRNANDI



Hljómsveitarstjórinn Tomáš Hanus er aðalgestastjórinn Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann hefur verið aðalhljómsveitarstjóri Þjóðaróperunnar í Wales frá haustinu 2016 og stjórnað mörgum þekktum hljómsveitum í Evrópu; Sinfóníuhljómsveitum Lundúna og Breska ríkisútvarpsins, Þýsku sinfóníuhljómsveitinni í Berlín og fjölmörgum öðrum. Hanus hefur verið tíður gestastjórinn við Ríkisóperuna í Vína borg og stjórnað óperuuppfærslum við Bæversku ríkisóperuna í München, við Þjóðaróperuna í París og La Scala í Milanó.

Á starfsárinu stjórnar Hanus hljómsveitinni á tvennum tónleikum í apríl og febrúar þar sem hann leiðir hljómsveitina meðal annars í gegnum hið stórfenglega Má vlast eftir samlanda sinn, tékkneska tónskáldið Bedřich Smetana.

ANNA ÞORVALDSDÓTTIR

LISTAMAÐUR Í SAMSTARFI



Anna Þorvaldsdóttir hefur skipað sér í fremstu röð tónskálda á heimsvísu undanfarin ár og semur meðal annars stór sinfónísk verk fyrir helstu hljómsveitir heims. Berlínarfílharmónían og Fílharmóníusveit New York borgar hafa til dæmis frumflutt tónverk eftir hana á undanföllum árum. Anna verður áfram listamaður í samstarfi hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands starfsárið 2026/27. Anna gegndi hlutverki staðartónskálds SÍ frá árinu 2018 til ársloka 2023 en samstarf hennar við hljómsveitina spannar enn lengri tíma.

Á starfsárinu mun hljómsveitin standa að Íslandsfrumflutningi á stóru hljómsveitarverki eftir Önnu: Shadows of Solace, sem Sinfóníuhljómsveit Ísland pantaði í samstarfi við Sinfóníuhljómsveitina í Boston, Gewandhaus hljómsveitina í Leipzig og Fílharmóníusveitina í Helsinki.

DANÍEL BJARNASON

LISTAMAÐUR Í SAMSTARFI



Daníel Bjarnason hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníu-hljómsveit Íslands í rúman áratug, sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. Hann var staðarlistamaður á árunum 2015 til 2018 og aðalgeststjórnandi á árunum 2019 til 2021, en starfar nú með sveitinni sem listamaður í samstarfi. Tónsmíðar Daníels hafa vakið mikla athygli utan landsteinanna og hafa verið frumflutt eftir hann verk hjá helstu hljómsveitum heims.

Á starfsárinu 2026/27 stjórnar Daníel hljómsveitinni á þrennum tónleikum; Klassíkinni okkar, tónleikum með Johan Dalene í október og tónleikum hljómsveitarinnar á Iceland Airwaves. Þá mun Daníel leiða hljómsveitarstjórákademíu SÍ í fyrsta sinn, þar sem ungt tónlistarfólk fær að spreyta sig á stjórnandapallinum.

OSMO VÄNSKÄ


HEIÐURSSTJÓRNANDI

Finnski hljómsveitarstjórinn Osmo Vänskä var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 1993–1996. Vänskä nýtur mikillar virðingar á alþjóðavettvangi og náði frábærum árangri með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann tók við stöðu heiðursstjórnanda SÍ árið 2014 og hefur síðan að jafnaði stjórnað einum tónleikum á hverju starfsári. Vänskä var um árabil aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Lahti í Finnlandi og var aðalstjórnandi Minnesota-hljómsveitarinnar 2003 til 2022. Hann tók við stöðu aðalstjórnanda Fílharmoníusveitarinnar í Seúl í Suður-Kóreu árið 2020 og gegndi henni til 2023. Hljóðritanir hans hafa hlotið mikið lof og hefur hann hljóðritað með Sinfóníuhljómsveit Íslands nokkur hljómsveitarverk Jóns Leifs fyrir BIS-útgáfuna, meðal annars Sögusinfóníuna. Hann stjórnar næst tónleikum starfsárið 2027-28.

VLADIMIR ASHKENAZY

AÐALHEIÐURSSTJÓRNANDI

Vladimir Ashkenazy vakti fyrst alþjóðlega athygli þegar hann hlaut önnur verðlaun í Chopin-keppninni í Varsjá árið 1955, og síðan fyrstu verðlaun í Queen Elisabeth keppninni í Brussel 1956 og Tsajkovskíj-keppninni í Moskvu 1962. Ashkenazy á að baki glæsilegan feril í hljóðverinu og hefur hlotið sjö Grammy-verðlaun, m.a. sem besti einleikari með hljómsveit, fyrir bestu kammerhljóðritun og besta einleiksdisk. Samstarf Ashkenazy og Sinfóníuhljómsveitar Íslands spannar meira en hálfu öld. Hann kom fyrst fram með hljómsveitinni árið 1964 og stjórnaði henni í fyrsta sinn árið 1971. Hann hefur verið heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2002. Ashkenazy gegndi lykilhlutverki í því að hvetja ráðamenn til byggingar tónlistarhúss í Reykjavík og stjórnaði opnunartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu vorið 2011. Forseti Íslands sæmði Ashkenazy stórkrossi hinnar íslensku fálkaorðu í apríl 2018 fyrir framlag hans til íslensks tónlistar- og menningarlífs. Ashkenazy lagði tónsprotann endanlega á hilluna árið 2020.



OPIÐ HÚS HJÁ SINFÓ

STJÖRNU-SÆVAR Á MENNINGARNÓTT

22. ÁGÚST LAUGARDAGUR KL. 15 & 17
ELDBORG HARPA

ROLF VERBEEK HLJÓMSVEITARSTJÓRI
SÆVAR HELGI BRAGASON KYNNIR

TÓNLIST EFTIR EDVARD GRIEG,
JOHN WILLIAMS, CLAUDE DEBUSSY O.FL.

Á Menningarnótt í Reykjavík býður Sinfóníuhljómsveit Íslands gestum og gangandi á Sólmyrkvahátíð í Eldborg í fylgd með okkar ástsæla Sævari Helga Bragasyni eða Stjörnu-Sævari. Á tónleikunum förum við í ferðalag til sólarinnar og tunglsins og njótum glæsilegrar tónlistar um leið. Við skoðum hvernig sólarljósið verður til, hvernig sólin fæddist og hvernig hún býr til norðurljósin. Síðan höldum við til tunglsins, skoðum tignarlegan dans mánans um jörðina og hvernig tunglið er að hægja á snúningi jarðar. Hver veit nema sól- og tunglmyrkvar komi við sögu? Á tónleikunum verða einnig gerðar einfaldar sýntilraunir sem dýpka skilning okkar á sólkerfinu. Verið öll hjartanlega velkomin í veislu fyrir augu og eyru með Sinfóníuhljómsveit Íslands á Menningarnótt í Reykjavík.

Aðgangur á tónleikana er ókeypis og hægt er að sækja miða á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu á tónleikadegi frá kl. 10:00.

22. ÁGÚST

KLASSÍKIN OKKAR

28. ÁGÚST FÖSTUDAGUR KL. 20
ELDBORG HARPA

DANÍEL BJARNASON HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ÁLFHEIÐUR ERLA GUÐMUNDSDÓTTIR EINSÖNGVARI
BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR EINSÖNGVARI
ELMAR GILBERTSSON EINSÖNGVARI
UNNSTEINN MANUEL STEFÁNSSON EINSÖNGVARI
ÁSTA DÓRA FINNSDÓTTIR EINLEIKARI
KARLAKÓR REYKJAVÍKUR

Klassíkin okkar hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem ómissandi upptaktur að nýju starfsári Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Að venju kennir ýmissa grasa á fjölbreyttri efnisskránni sem gleðja mun hug og hjarta á þessu síðsumarkvöldi: Leiftrandi fjörug hljómsveitartónlist og tregafullir söngvar í bland við ástríðufullar ariur, hetjusöngva og kraftmikinn pianóleik. Stjórnur kvöldsins eiga það margar sameiginlegt að prýða tónleikadagskrá komandi starfsárs og gefa hér tónleikagestum tækifæri til að njóta hæfileika sinna og útgeislunar. Það er Daníel Bjarnason sem heldur um tónsprotann og leiðir Sinfóníuhljómsveit Íslands á þessum skemmtilegu tónleikum sem verða að auki í beinni útsendingu á RÚV.



28. ÁGÚST

ATTACCA!

UPPHAFSTÓNLEIKAR
MEÐ BARBÖRU HANNIGAN



3. SEPTEMBER

„Barbara Hannigan er fyrir löngu orðin miklu meira en stórkostleg sópransöngkona. Hún er heilsteypur listamaður, stjórnar, sviðsetur og veltir fyrir sér hvernig skilgreina megi inntak og form klassískra tónleika upp á nýtt.“

DIE WELT

3. SEPTEMBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

BARBARA HANNIGAN HLJÓMSVEITARSTJÓRI

CHARLES IVES | FROM THE STEEPLS AND THE MOUNTAINS
HUGI GUÐMUNDSSON | UNDARK – FRUMFLUTNINGUR
JOHN CAGE | 4:33
GUSTAV MAHLER | SINFÓNÍA NR. 1

Barbara Hannigan, nýr aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, stýrir einstökum upphafstónleikum starfsársins þar sem tími og rúm renna saman. Tónleikarnir bera yfirskriftina Attacca!, en það hugtak er notað í tónlist þegar kaflar eða tónverk eru flutt án þess að hlé sé gert á milli þeirra. Kvöldið hefst á áhrifamikilli tónlist fyrir slagverk og málmblásara eftir bandaríska tónskáldið Charles Ives sem leiðir okkur inn í frumflutning á tónverkinu Undark eftir nýtt staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Huga Guðmundsson. Þá fáum við að upplifa saman þekktustu þögn tónlistarsögunnar í 4 mínútur og 33 sekúndur. Þetta umtalaða listaverk er eftir hinn tilraunaglaða John Cage og vildi hann með því vekja hlustandann til meðvitundar um eigin líkama, umhverfi sitt og þá staðreynd að ekki er til neitt sem heitir alger þögn. Tónleikunum lýkur á að fyrsta sínfónía Mahlers fær að hljóma í öllum sínum stórfengleika.

OPIN KYNNING - BARBARA HANNIGAN

Þriðjudaginn 1. september kl. 18 gefst áhugasömum tækifæri til að kynna nýjum aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníunnar. Barbara Hannigan segir frá listrænum áherslum og hápunktum í dagskrá á nýju starfsári. Aðgangur er ókeypis og öll velkomin.

CHAMAYOU LEIKUR

RAVEL

Nýr staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands, píanóleikarinn Bertrand Chamayou og sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn, Barbara Hannigan, verða í brennidepli á þessum fjölbreyttu tónleikum sem óneitanlega hafa sterkt franskt yfirbragð. Chamayou leikur tvö tónverk eftir samlanda sína frá Frakklandi sem eiga það sameiginlegt að búa yfir einstökum litbrigðum. Söngur framandi fugla Ameríku og Asíu varð Olivier Messiaen að innblæstri í litskrúðugu verki fyrir píanó, blásara og slagverk á meðan Ravel hugsaði fyrst og fremst um að skrifa léttan og skemmtilegan píanókonsert þar sem einleikarinn fengi að glansa. Tónskáldið sótti þar innblástur í þjóðtónlist forfedra sinna í Baskalandi og töfrar fram tápmikil stef og einn fegursta hæga þátt píanóbókmenntanna. Ljóð Arthurs Rimbaud voru kveikjan að tónverki Benjamins Britten, Les Illuminations. Þau boða okkur að stórborgin sé að minnsta kosti jafn villt og frumskógurinn! Öldur sem brotna við ströndina, fjörugar skrúðgöngur og töfrandi ljós sem lýsa dansandi elskendum í kvöldhúminu. Barbara Hannigan og strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands flytja okkur þetta kraftmikla meistara verk.

Í upphafi tónleikanna hljóma atriði úr ballettinum Köngulóarveislunni eftir Albert Roussel, þar sem við kynnumst tælingarmætti köngulóarinnar, harðduglegum maurum og lífshlaupi dægurflugunnar.

10. SEPTEMBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

BARBARA HANNIGAN HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINSÖNGVARI
BERTRAND CHAMAYOU EINLEIKARI

ALBERT ROUSSEL | LE FESTIN DE L'ARAIGNÉE / KÖNGULÓARVEISLAN
OLIVIER MESSIAEN | OISEAUX EXOTIQUES / FRAMANDI FUGLAR
BENJAMIN BRITTEN | LES ILLUMINATIONS
MAURICE RAVEL | PÍANÓKONSERT Í G-DÚR

10. SEPTEMBER



BERTRAND CHAMAYOU

EINLEIKSTÓNLEIKAR

11. SEPTEMBER FÖSTUDAGUR KL. 18:00
NORÐURLJÓS HARPA

BERTRAND CHAMAYOU PÍANÓ

FELIX MENDELSSOHN | LIEDER OHNE WORTE
(ÚRVAL ÚR HEFTUM I, III OG VI)

CHARLES IVES | SONG WITHOUT (GOOD) WORDS
JOHN LENNON & PAUL MCCARTNEY | TORU TAKEMITSU |
GOLDEN SLUMBERS

ROBERT SCHUMANN / FRANZ LISZT | WIDMUNG
GEORGE CRUMB | EINE KLEINE MITTERNACHTMUSIK

GYÖRGY KURTÁG | SCRAPS OF A COLINDA
MELODY - FAINTLY RECOLLECTED
FRANZ SCHUBERT | WANDERER FANTASIE

Gagnrýnendur hafa vart undan því að lofa píanóleik Bertrands Chamayou. Efnisval hans hefur verið kallað frumlegt og leitandi, leikurinn kraftmikill, tæknilega fullkominn og hrfandi fagur.

Ljóð án orða er leiðarstef þessara tónleika, þar sem öll efnis-skráin tengist sönglögum sem orðið hafa tónskáldum inn-blástur. Smálög Mendelssohns, Ljóð án orða, eru víðeigandi upphaf þessa ferðalags. Þeim fylgir tónlist sem rímar vel við högvær og innileg lög Mendelssohns, þar á meðal Söngur án (góðra) orða eftir Charles Ives, „Tileinkun“ Schumanns og dreymandi upprifjun Kurtágs á gleymdum rúmenskum jólasálm. Vangaveltur George Crumbs um sígildan ópus Thelonious Monks 'Round Midnight, í Eine kleine Mitternachtmusik og frjálstleg útsetning Takemitsus á Bítlalaginu Golden Slumbers færa okkur á framandi slóðir. Tónleikunum lýkur svo á hinni glæsilegu Wanderer-fantasíu eftir Franz Schubert þar sem hver hinna fjögurra þátta hefst á tilbrigði við samnefnt sönglag tónskáldsins.

11. SEPTEMBER

> TIL < HAMINGJU MOZART

LITLI TÓNSPROTINN



19. SEPTEMBER LAUGARDAGUR KL. 14
ELDBORG HARPA

RICHARD SCHWENNICKE HLJÓMSVEITARSTJÓRI
HALLDÓRA GEIRHARÐSDÓTTIR KYNNIR
BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR EINSÖNGVARI
UNNSTEINN ÁRNASON EINSÖNGVARI

WOLFGANG AMADEUS MOZART | BROT ÚR EINE KLEINE
NACHTMUSIK, SINFÓNÍU NR. 1, KONSERT FYRIR FLAUTU OG HÖRPU,
TÖFRAFLAUTUNNI, RONDO ALLA TURCA O.FL.

Við bjóðum í afmælisveislu eins mesta undrabarns tónlistar-
sögunnar, Wolfgang Amedeusar Mozart. Á tónleikunum
fögnuðum við 270 ára fæðingarafmæli tónskáldsins. Halldóra
Geirharðsdóttir leikkona leiðir tónleikagesti í ferðalag um ólíka
tónleikasali, lönd og menningarheima sem tónskáldið kynntist
frá barnsaldri. Mozart var engum líkur, orkumikill og skemmti-
legur, og líka dálítill prakkari. Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur
ásamt söngvurum valin verk sem draga upp lifandi mynd af
afmælisbarninu. Í lok tónleikanna tökum við lagið með hljóm-
sveitinni og syngjum Hann Tumi fer á fætur.

Þetta eru fjölskyldutónleikar, sniðnir að ungum áheyrendum
og er lengd tónleikanna um ein klukkustund án hlés.

19. SEPTEMBER



UNGSVEITIN LEIKUR SHEHERAZADE

20. SEPTEMBER SUNNUDAGUR KL. 14
ELDBORG HARPA

UNGSVEIT SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS
NATHANAËL ISELIN HLJÓMSVEITARSTJÓRI

NIKOLAJ RIMSKÍJ-KORSAKOV | SHEHERAZADE

Á tónleikum Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands fá tónleikagestir tækifæri til að horfa inn í framtíð íslensks tónlistarlífs. Á ári hverju tekst unga fólkid okkar á við metnaðarfullt verkefni úr tónlistarsögunni sem þau velja sjálf eftir umhugsun og rök-ræður. Nú verður fyrir valinu glæsilegt hljómsveitarverk Rimskíj-Korsakovs sem byggt er á ævintýraheimi Þúsund og einnar nætur en þann sagnaheim spinnur hin heillandi Sheherazade kvöld eftir kvöld fyrir soldáninn og bjargar þannig lífi sínu. Hljómur sínfóníuhljómsveita verður tæplega mikið litríkari en í einmitt þessu tónverki enda var Rimskíj-Korsakov yfirburða meistari í því að skrifa fyrir hljómsveit. Verkið er það langvinsælasta eftir tónskáldið og ástæður vinsældanna eru algjörlega skiljanlegar. Tónlistin er uppfull af heillandi laglinum sem kryddaðar eru af framandi hljóðheimi og hér eru allir litir sínfóníuhljómsveitar notaðir til fulls.

20. SEPTEMBER

MEISTARI MORRICONE

KVIKMYNDATÓNLIST ENNIO MORRICONE

24. SEPTEMBER FIMMTUDAGUR KL. 20
ELDBORG HARPA

THIAGO TIBERIO HLJÓMSVEITARSTJÓRI
DÍSELLA LÁRUSDÓTTIR EINSÖNGVARI

ENNIO MORRICONE | KVIKMYNDATÓNLIST

Fáir hafa haft jafn mikil áhrif á sviði kvikmyndatónlistar og ítalska tónskáldið Ennio Morricone. Hann samdi tónlist við meira en 400 kvikmyndir og sjónvarpsþætti og er af mörgum talinn eitt merkasta kvikmyndatónskáld allra tíma. Mikill hluti tónlistar hans fyrir kvikmyndir lifir enn góðu lífi utan kvikmyndatjaldsins en galdurinn margfaldast þegar tónlist og mynd koma saman. Morricone var gríðarlega fjölhæfur, gat auðveldlega tekist á við ólíkar tegundir tónlistar og margar þekktustu laglínur hans hafa enn djúpstæð áhrif á áhorfandann.

Á þessum kvikmyndatónleikum leikur Sinfóníuhljómsveit Íslands tónlist úr mörgum af þekktustu kvikmyndunum sem meistari Morricone vann að. Þar á meðal eru Once Upon a Time in America, The Untouchables, Cinema Paradiso, Once Upon a Time in the West og The Mission. Sínd verða brot úr kvikmyndunum á stóra tjaldinu á meðan á flutningi stendur og úr verður ógleymanleg stund fyrir kvikmyndaáhugafólk og tónlistarunnendur.

Tónleikarnir eru um 90 mínútna langir, án hlés.



SCHUMANN

&

BEETHOVEN

1. OKTÓBER



Kanadíski sellóleikarinn, Bryan Cheng, sem skotist hefur hratt upp á stjörnuhimininn, leikur hinn innilega og ljóðræna sellókonsert Roberts Schumann. Þrátt fyrir blendnar móttökur í upphafi hefur konsertinn hlotið sess sem einn þekktasti sellókonsert rómantíska tímabilsins. Tónlist hinnar frönsku Charlotte Sohy hefur vakið aukna athygli á síðustu árum. Sinfónían í cís-moll er áhrifamikil lýsing konu á stríðsátökum þar sem lítið fer fyrir hetjudáðum en meira fyrir ótta og óvissu. Á tónleikunum hljómar einnig stuttur, sólbjartur forleikur eftir Lili Boulanger sem fangar vorstemninguna í París þegar náttúran vaknar úr vetrardvala. Að lokum er leikinn hinn kraftmikli þriðji Leonóru-forleikur Beethovens sem lifir góðu lífi sem sjálfstætt hljómsveitarverk. Hljómsveitarstjóri tónleikanna er hin unga Bar Avni. Hún var sigurvegari La Maestra hljómsveitarstjórakeppninnar árið 2024 og hefur ferill hennar verið á hraðri uppleið á síðustu misserum.

**1. OKTÓBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA**

**BAR AVNI HLJÓMSVEITARSTJÓRI
BRYAN CHENG EINLEIKARI**

**LILI BOULANGER
D'UN MATIN DE PRINTEMPS / Á VORMORNI
ROBERT SCHUMANN | SELLÓKONSERT
CHARLOTTE SOHY | SINFÓNÍA Í CÍS-MOLL
LUDWIG VAN BEETHOVEN
LEÓNÓRA, FORLEIKUR NR. 3**

ALINA IBRAGIMOVA & BEETHOVEN NÍU



8. OKTÓBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

EDWARD GARDNER HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ALINA IBRAGIMOVA EINLEIKARI
HARPA ÓSK BJÖRNSDÓTTIR,
HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR,
STUART SKELTON OG
ANDRI BJÖRN RÓBERTSSON EINSÓNGVARAR
SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA
OG KÓR LANGHOLTSKIRKJU

SERGEJ PROKOFJEV | FÍÐLUKONSERT NR. 1
LUDWIG VAN BEETHOVEN | SINFÓNÍA NR. 9

Edward Gardner telst tvímælalaust til þekktustu hljómssveitarstjóra heims um þessar mundir. Hann gegnir starfi aðalstjóranda Fílharmóníusveitar Lundúna og er tónlistarstjóri við Norsku óperuna og ballettinn auk þess sem hann er eftirsóttur gestastjórnandi hjá hljómssveitum og stærstu óperuhúsum heims. Fíðluleikarinn Alina Ibragimova hefur skipað sér á þekk með fremstu fíðluleikurum sinnar kynslóðar og kemur reglulega fram sem einleikari með hljómssveitum víða um heim en einnig sem flytjandi kammertónlistar. Hér færa þessir frábæru listamenn okkur hinn gullfallega fíðlukonsert nr. 1 eftir Sergej Prokofjev. Konsertinn ber höfundu sínum fagurt vitni með lýrískum seiðandi laglínunum í bland við kraftmikil átök einleiksfíðlunnar við hljómssveitina. Níunda sínfónía Beethovens verður engu að síður þungamiðja þessara tónleika í flutningi Sínfóníuhljómssveitar Íslands með fulltingi einsöngvara og kóra í fremstu röð. Sínfónían er stórkostlegt ákall til mennsku og bræðralags, boðskapur sem á jafn brýnt erindi við nútímann og hún hafði í byrjun 19. aldar.

EDWARD GARDNER STJÓRNAR NÍUNDU

9. OKTÓBER FÖSTUDAGUR KL. 20
ELDBORG HARPA

EDWARD GARDNER HLJÓMSVEITARSTJÓRI
HARPA ÓSK BJÖRNSDÓTTIR,
HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR, STUART SKELTON OG
ANDRI BJÖRN RÓBERTSSON EINSÖNGVARAR
SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA OG KÓR LANGHOLTSKIRKJU
LUDWIG VAN BEETHOVEN | SINFÓNÍA NR. 9

Niunda sinfónía Ludwigs van Beethoven er af mörgum talin eitt glæsilegasta tónverk sögunnar. Form hennar og dramatískt umfang er mikilfenglegt og hún stendur fyllilega undir þeirri nafnbót að teljast til eins af hornsteinum vestrænnar tónlistarsögu. Eftir fyrstu þrjá þættina sem mótaðir eru af miklum innri átökum, færir fjórði þátturinn von og trú á mannkynið með túlkun tónskáldsins á Óðnum til gleðinnar eftir Friedrich Schiller. Sinfóníuna má líta á sem stórfenglega brýningu til mannkyns um að leita samkenndar og mennsku í gleðinni. Einsöngvarar tónleikanna eru meðal þekktustu söngvara þjóðarinnar að ógleymdum tenórsöngvaranum Stuart Skelton. Sinfóníuhljómsveit Íslands, Söngsveitin Fílharmónía og Kór Langholtskirkju færa okkur þetta magnaða verk, undir stjórn Edwards Gardner.

Tónleikarnir eru í samstarfi við Arctic Circle - Hringborð Norðurslóða og Höfða friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands.



9. OKTÓBER

„Fyrir utan frábæra tækni, orku, næmni og tónlistarlega meðvitund býr Johan Dalene yfir þeirri gjöf að fanga athygli hlustandans algjörlega... Stjarna hans er þegar risin og glitrar í dýrlegum ljóma.“

RUCH MUZYCZNY



DALENE LEIKUR ADÈS

15. OKTÓBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

DANÍEL BJARNASON HLJÓMSVEITARSTJÓRI
JOHAN DALENE EINLEIKARI

JEAN SIBELIUS | RÁNARDÆTUR
THOMAS ADÈS | FIÐLUKONSERT, CONCENTRIC PATHS
BENJAMIN BRITTEN | PASSACAGLIA ÚR ÓPERUNNI PETER GRIMES
JEAN SIBELIUS | SINFÓNÍA NR. 7

Hér kemur tónlistin til okkar úr djúpinu en tvö heillandi tónverk eftir Jean Sibelius ramma inn tónleikana. Í upphafi rísa úr hafi Ránardætur í samnefndu tónaljóði finnska tónskáldsins. Þar dregur Sibelius upp listilega mynd af leik gyðjanna og hafinu, þessu mikla afli sem eina stundina virðist alsaklaust en rýkur upp þá næstu með ógnarafli. Undir lok tónleikanna hljómar hin stórkostlega sjöunda símfónía tónskáldsins sem er, eins og tónaljóðið, aðeins í einum kafla. Símfónían þykir bera frumleika tónskáldsins fagurt vitni og er af mörgum talin eitt af stórkostlegustu tónverkum Sibeliusar. Sænska ungstirnið Johan Dalene leikur einleik í áhrifamiklum fiðlukonserti eftir Thomas Adès. Stjarna hans hefur risið hratt frá því að hann lék síðast einleik með hljómveitinni. Konsert Adès, eins þekktasta tónskálds samtímans, er í senn margbrotinn og hárnákvæmur, ljóðrænn og tilfinningaþrunginn. Annað breskt tónskáld, Benjamin Britten, á einnig verk á tónleikunum; millispil úr óperunni Peter Grimes þar sem hafið mótar líf persónanna, líkt og það gerir hjá okkur á eyjunni í norðri.

15. OKTÓBER

LÝRÍSKA SINFÓNÍAN

22. OKTÓBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

INGO METZMACHER HLJÓMSVEITARSTJÓRI
BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR EINSÖNGVARI
ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON EINSÖNGVARI

FRANZ SCHUBERT | SINFÓNÍA NR. 8 „ÓFULLGERÐA SINFÓNÍAN“
ALEXANDER ZEMLINSKY | LÝRÍSK SINFÓNÍA



Barítónsöngvarinn Ólafur Kjartan Sigurðarson hefur notið mikillar hylli á undanförunum árum og er orðinn fastagestur á þekktustu óperusviðum heims. Á þessum tónleikum syngur hann ásamt sópransöngkonunni Bryndísi Guðjónsdóttur hina stórbrotnu Lýríska símfóníu eftir Alexander Zemlinsky. Þetta er í fyrsta sinn sem þetta síðrómantíska verk hljómar hérlendis en tónskáldið samdi það undir sterkum áhrifum frá Mahler og tekst þar á við eftirsjá og þrá með frumlegum og áhrifaríkum hætti.

Tónlistarfræðingar eru ekki á einu máli hvers vegna Franz Schubert lauk ekki að fullu við 8. símfóníu sína, en hann lauk aðeins tveimur þáttum af fjórum. Þrátt fyrir það lætur símfónían engan ósnortinn með sínum ógleymanlegu laglínunum. Það er hinn heimspekkti hljómsveitarstjóri, Ingo Metzmacher sem stjórnar og er þetta í fyrsta sinn sem hann kemur fram með hljómsveitinni.



22. OKTÓBER

POGA STJÓRNAR SHOSTAKOVITSJ



29. OKTÓBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

ANDRIS POGA HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ALEXANDER ROSLAVETS EINSÖNGVARI
KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR
OG SÖNGHÓPURINN KYRJA

SERGEJ RAKHMANÍNOV | EYJA HINNA DAUÐU
DMÍTRÍJ SHOSTAKOVITSJ | SINFÓNÍA NR. 13
„BABÍ JAR“

Tvö tónverk sem takast á við hinstu rök tilverunnar eru viðfangsefni þessara hádrámatísku tónleika. Eyja hinna dauðu er áhrifamikið tónaljód eftir Rakhmanínov sem er innblásið af samnefndu málverki eftir Arnold Böcklin og Sinfónía nr. 13, „Babí Jar“, eftir Shostakovitsj er stórfenglegt verk fyrir bassasöngvara, karlakór og hljóm sveit við ljód eftir Jevgení Jevtúsjenko. Verkið er vitnisburður um siðferðisþrek og mannlega samkennd þar sem beisk kaldhæðni og djúp sorg takast á. Saman skapa þessi tvö meistaraverk sterka upplifun sem lætur engan ósnortinn. Bassasöngvarinn Alexander Roslavets er rísandi stjarna í óperuheiminum og hefur hvarvetna hlotið góðar viðtökur. Hljóm sveitarstjórinn Andris Poga stjórnaði Sinfóníuhljóm sveit Íslands á síðasta ári við góðar undirtektir.

29. OKTÓBER

DAÐI FREYR & SINFÓ



Í SAMSTARFI VIÐ ICELAND AIRWAVES

5. NÓVEMBER FIMMTUDAGUR KL. 19
ELDBORG HARPA

DANÍEL BJARNASON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daði Freyr hefur á undanförunum árum fest sig í sessi sem einn af ástsælustu og skemmtilegustu tónlistarmönnum landsins. Hann er þekktur fyrir snjallar og húmorískar lagasmíðar, gríþandi rafpopp og ófyrirsjáanlega nálgun sem höfðar til áheyrenda um allan heim.


Á þessum tónleikum stígur Daði Freyr á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg. Hér er tónlist hans færð í nýjan búning þar sem sinfónískar útsetningar mæta einkennandi popphljómi Daða Freys og úr verður einstök tónlistarupplifun. Daði Freyr vakti heimsathygli árið 2020 með laginu Think About Things, sem fór sigurför á netinu víða um heim, lagið fékk yfir 200 milljónir spilana og hlaut lof víða. Síðan þá hefur hann byggt upp stóran alþjóðlegan aðdáendahóp með eftirminnilegum tónleikum þar sem samstilltir dansar, leikandi sjónræn framsetning og hlý, sammanleg stemning skapa einstaka upplifun. Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason.

Viðburðurinn er hluti af Iceland Airwaves 2026 sem sérstakur Partner Event. Áður hafa Sinfó og Iceland Airwaves haldið saman tónleika með John Grant, Jóhanni Jóhannssyni, Emilíönu Torrini, Ólafi Arnalds, Ásgeiri Trausta, Mugison og fleirum.

5. NÓVEMBER

PSYCHO

BÍÓTÓNLEIKAR



12. NÓVEMBER

„Við verðum öll dálítið brjáluð stundum.“

NORMAN BATES, PSYCHO

12. NÓVEMBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

PSYCHO
ALFRED HITCHCOCK LEIKSTJÓRI
BERNARD HERRMANN TÓNLIST
BEN PALMER HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Kvikmynd Alfreds Hitchcock, Psycho, frá árinu 1960 um örlagaríka heimsókn Marion Crane á Bates-gistihúsið í Kaliforníu er af mörgum talin til bestu bíómynda liðinnar aldar. Kvikmyndin var tilnefnd til fernra Óskarsverðlauna og nýtur enn gríðarlegra vinsælda þrátt fyrir að rúm 65 ár séu liðin frá frumsýningu hennar. Þar skiptir sköpum hin hrollvekjandi tónlist bandaríska tónskáldsins Bernards Herrmann. Hann samdi tónlist við einar sjö kvikmyndir Hitchcocks og er tónlistin við Psycho langþekktust. Hún er einvörðungu skrifuð fyrir strengjahljóðfæri hljómsveitarinnar og eru möguleikar þeirra kannaðir í þaua. Skerandi strengjahlómarnir í hinu fræga sturtu-atríði eiga eftir að fylgja áheyrendum dögum saman í kjölfar tónleikanna!

Ekki missa af Psycho í lífandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg. Myndin er bönnuð áhorfendum yngri en 16 ára.

SAKARI STJÓRNAR BLÁSARASVEITINI

BLÁSARATÓNLEIKAR



13. NÓVEMBER FÖSTUDAGUR KL. 18
NORÐURLJÓS HARPA

BLÁSARASVEIT SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS
PETRI SAKARI HLJÓMSVEITARSTJÓRI

PAUL DUKAS | FANFARE POUR PRÉCÉDER LA PÉRI
DARIUS MILHAUD | DIXTOUR
ÍGOR STRAVINSKÍJ | SINFÓNÍUR FYRIR BLÁSARA
RUTH GIPPS | SEASCAPES
MAGNUS LINDBERG | GRAN DUO

Hljómsveitarstjórinn Petri Sakari, fyrrum aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, leiðir blásarasveit hljómsveitarinnar í afar fjölbreyttri efnisskrá þar sem allir ættu að geta fundið sér eitthvað við hæfi. Glæsilegt lúðragjall úr ballettónlist Paul Dukas setur tóninn áður en smellin og stríðnisleg tónlist Milhaud tekur við. Tónlist Stravinskíjs, sem tileinkuð er minningu Claude Debussys, er íhugult og hátíðlegt verk sem lýkur með kyrrlátum kóral.

Enska tónskáldið Ruth Gipps var einstaklega fjölhæf og eftir hana liggur fjöldi verka, m.a. fimm sínfóníur. Sem óbóleikari hafði hún afar góða þekkingu á blásturshljóðfærum sem birtist í einstaklega fallegu verki fyrir 10 blásara þar sem hafið og ströndin leika aðalhlutverkin. Tónleikunum lýkur á kraftmiklu verki fyrir 24 blásara eftir eitt þekktasta tónskáld Finna á síðari árum, Magnus Lindberg. Í Gran Duo takast á tré- og málm-blásarar þar sem tónblær hvors hóps fær að njóta sín til fulls.

13. NÓVEMBER



STORGÅRDS STJÓRNAR BRUCKNER 2

19. NÓVEMBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

JOHN STORGÅRDS
HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINLEIKARI
ALEXANDRA DARIESCU EINLEIKARI

CLARA SCHUMANN | 3 RÓMÖNSUR
CLARA SCHUMANN | PÍANÓKONSERT
ANTON BRUCKNER | SINFÓNÍA NR. 2

Á þessum tónleikum hljóma tvö tónverk í fyrsta sinn í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands: Píanókonsert eftir Clöru Schumann og 2. sínfónía Antons Bruckner. Píanó-konsertinn hljómar hér í einstakri túlkun Alexöndru Dariescu en konsertinn skrifaði Clara kornung, aðeins 14 ára gömul, sem Clara Wieck. Fáum árum síðar giftist hún tón-skáldinu Robert Schumann og tók þá upp hið þekktu eftirnafn eiginmannsins. Önnur sínfónía Bruckners fékk snemma viðurnefnið „Sinfónía þagnanna“ vegna rausnarlegrar notkunar Bruckners á þögnum til að skilja á milli formhluta innan verksins. Í síðari gerð verksins hafði Bruckner fækkað þögnunum umtalsvert og stýtt en nafngiftin hélt sér engu að síður. Með þessari sínfóníu má segja að Bruckner hafi stigið stórt skref í að fullkomna tök sín á hinu sínfóníska formi.

Finnski hljómsveitarstjórinn og fiðluleikarinn John Storgårds stýrir Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikunum en hann mun einnig leika einleik á fiðlu í þremur litlum rómönsum eftir Clöru í hljómsveitarútsetningu Bernarda Rofe.

19. NÓVEMBER

HANNIGAN & HORSCH



**26. NÓVEMBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA**

**BARBARA HANNIGAN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
LUCIE HORSCH EINLEIKARI**

**JOHANN SEBASTIAN BACH | RICERCAR A 6
JOHANN SEBASTIAN BACH | KONSERT FYRIR BLOKKFLAUTU, BWV 1053
ÍGOR STRAVINSKÍJ | DUMBARTON OAKS
ERKKI-SVEN TÛÜR | WHISTLES AND WHISPERS FROM ULURU
SERGEJ PROKOFÍEV | SINFÓNÍA NR. 1 „KLASSÍSKA SINFÓNÍAN“**

Blokkflautuleikarinn Lucie Horsch hefur skotist upp á stjörnuhimininn þrátt fyrir ungan aldur og er nú talin fremsti blokkflautuleikari sinnar kynslóðar. Hið virta tónlistartímarit breska ríkisútvarpsins, BBC sagði um leik Horsch að þar væri á ferðinni „Ógnvekjandi snilldargáfa og frábær tækni.“ Á þessum tónleikum kynnumst við möguleikum blokkflautunnar í tveimur mismunandi verkum; í umritun Frans Brüggen á fiðlukonsert Bachs fyrir blokkflautu og hljómsveit, en einnig í ævintýrlegu verki eftir eistneska tónskáldið Erkki-Sven Tüür, Whistles and Whispers from Uluru, þar sem fuglasöngur Eystrasaltsins blandast dulmagni hins rauðleita sandsteinsfjalls, Uluru, í Ástralíu. Barbara Hannigan, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, leiðir einnig hljómsveitina í tveimur tónverkum nýklassíska tímans: Hinum glitrandi konsert, Dumbarton Oaks, eftir Ígor Stravinskíj og hinni bráðskemmtilegu klassísku sinfóníu eftir Sergej Prokofiev.

26. NÓVEMBER



HEIMSHORNA

Á MIÐ

KAMMERTÓNLEIKAR

28. NÓVEMBER LAUGARDAGUR KL. 14:00
NORÐURLJÓS HARPA

BARBARA HANNIGAN EINSÖNGVARI
LUCIE HORSCH EINLEIKARI
HLJÓÐFÆRALEIKARAR ÚR SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

LUCIANO BERIO | ÞJÓÐLÖG
GEORG PHILIP TELEMANN | TVÍKONSERT FYRIR
BLOKKFLAUTU OG ÞVERFLAUTU

BÉLA BARTÓK | RÚMENSKIR ÞJÓÐDANSAR
BÉLA BARTÓK | ÞRJÚ RÚMENSK ÞJÓÐLÖG
ASTOR PIAZZOLLA | LIBERTANGO
CHARLIE PARKER | TICOTICO

ÍSLENSKT ÞJÓÐLAG | MÓÐIR MÍN Í KVÍ KVÍ

Barbara Hannigan, blokkflautusnillingurinn Lucie Horsch og hópur hljóðfæraleikara úr Sinfóníuhljómsveit Íslands bjóða tónleikagestum í spennandi óvissuferð þar sem þjóð- og dægurtónlist frá ólíkum heimshornum er borin fram. Hér heyrum við frábærar útsetningar Luciano Berio á þjóðlögum ýmissa landa í flutningi Barböru Hannigan, kraftmikla austur-evrópska takta sem urðu Bartók að innblæstri og dillandi suðræna blokkflautuslagara. Þegar við bætist partítónlist eftir Charlie Parker og þjóðlagaarfur Íslands verða þessir tónleikar að sannkallaðri veislu fyrir augu og eyru með listamönnum á heimsmælikvarða.

28. NÓVEMBER



AÐVENTUTÓNLEIKAR

3. DESEMBER FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

MATTHEW HALLS HLJÓMSVEITARSTJÓRI
GEIRPRÚÐUR ANNA GUÐMUNSDÓTTIR EINLEIKARI

WOLFGANG AMADEUS MOZART | BALLETTÓNLIST ÚR
ÓPERUNNI IDOMENEO
JOSEPH HAYDN | SELLÓKONSERT NR. 2
MARIANNA MARTINES | SINFÓNÍA Í C-DÚR
WOLFGANG AMADEUS MOZART | SINFÓNÍA NR. 36 „LINZ“

Það er fátt sem dregur betur fram eftirvæntingu aðventunnar en þokkafull og hlýleg tónlist klassíska tímabilsins. Úr óperu Mozarts um Idomeneo drottningu kemur þokkafull ballettónlist sem er vinsæl ein og sér í tónleikasölum heimsins, utan samhengis óperunnar. Geirprúður Anna Guðmundsdóttir leikur einleik í léttleikandi D-dúr sellókonserti annars meistara klassíska tímans, Josephs Haydn, en konsertar hans fyrir hljóðfærið eru algjör kjarnaverk selló-bókmenntanna og ná alltaf að heilla áheyrendur. Sjaldheyrð er hins vegar sínfónía eftir Mariönnu Martines sem yfirleitt er talin hafa verið fyrsta konan til að semja sínfóníu. Hún náði að rækta tónlistargáfur sínar þrátt fyrir að lifa í karllægum heimi austurríksk tónlistarlífs á átjándu öld. Hljómsveitarstjórinn Matthew Halls stjórnar að lokum hinni svokölluðu Linz sínfóníu Mozarts sem kennd er við borgina austurrísku en þar hafði tónskáldið stutt stopp árið 1783 og kom borginni rækilega á heimskort tónlistarsögunnar með þessari sólbjörtu sínfóníu.

3. DESEMBER



JÓLA TÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

LITLI TÓNSPROTINN

12. DESEMBER LAUGARDAGUR KL. 14 & 16

13. DESEMBER SUNNUDAGUR KL. 14 & 16

ELDBORG HARPA

NICHOLAS SWENSEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
TRÚÐURINN BARBARA/

HALLDÓRA GEIRHARÐSDÓTTIR KYNNIR

ÁLFHEIÐUR ERLA GUÐMUNSDÓTTIR,

JÓHANN KRISTINSSON OG

KOLBRÚN VÖLKUDÓTTIR EINSÖNGVARAR

STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR OG KAMMERKÓRINN
AURORA, DANSARAR ÚR LISTDANSSKÓLA ÍSLANDS,
BJÖLLUKÓRAR TÓNLISTARSKÓLA REYKJANESBÆJAR
OG TÓNSTOFU VALGERÐAR, SKÓLAHLJÓMSVEIT
KÓPAVOGS OG HÖRPUHÓPUR

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru sannkölluð hátíðarstund fyrir jólabörn á öllum aldri. Að vanda ríkir hátíðlegur blær í Eldborg þar sem ungir hljóðfæraleikarar og ballettdansarar ásamt einsöngvurum og kórum færa gestum glæsilega og fjölbreytta dagskrá. Sígidlar jólaperlur fléttast saman við klassísk ævintýri sem koma öllum í hátíðarskap. Maximús Músíkús setur upp rauðu húfuna og trúðurinn Barbara flytur sína alkunnu og hlýju jólahugleiðingu sem snertir streng í hverju hjarta.

Þetta eru fjölskyldutónleikar, sniðnir að ungum áheyrendum og er lengd tónleikanna um ein klukkustund án hlés. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.

12.– 13. DESEMBER

VÍNARTÓNLEIKAR

NÝÁRSTÓNLEIKAR 2027



7. JANÚAR FIMMTUDAGUR KL. 19:30

8. JANÚAR FÓSTUDAGUR KL. 19:30

9. JANÚAR LAUGARDAGUR KL. 16 & 19:30
ELDBORG HARPA

CHRISTOPH KONCZ HLJÓMSVEITARSTJÓRI
HARPA ÓSK BJÖRNSDÓTTIR OG
EGGERT REGINN KJARTANSSON EINSÖNGVARAR

Vínartónleikar Símfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabíl verið allra vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar. Þeir eru sannkölluð nýársveisla og sú léttá og skemmtilega tónlist sem þar hljómar gefur tóninn fyrir nýtt ár. Á efnisskránni er að vanda sigild Vínartónlist sem kemur öllum í gott skap; valsar, polkar, og fjörug galopp. Þá hljóma aríur og dúettar úr vinsælum óperettum í flutningi tveggja framúrskarandi einsöngvara. Sópransöngkonan Harpa Ósk Björnsdóttir er Íslendingum að góðu kunn, en hún er nú fastráðin við óperuna í Basel í Sviss. Eggert Reginn Kjartansson, tenórsöngvari hefur að undanfögnu vakið athygli í uppfærslum Kammeróperunnar, nú síðast sem Don Jose í Carmen. Auk þeirra koma fram samkvæmisdansarar sem stíga létt og glæsileg spor í Eldborg við dynjandi Vínartónlistina. Vínartónleikarnir eru ævinlega fullkominn upptaktur að nýju ári og færa áheyrendum birtu og yl í svartasta skammdeginu.

7.–9. JANÚAR

„Isabelle Faust er óttalaus leiðtogi í veröld fiðlunnar [...] Hljómur fiðlu hennar svífur líkt og bros í gegnum tónlistina og hún sigrast auðveldlega á sérhverri hindrun.“

SÜDDEUTSCHE ZEITUNG



FRÁ NÝJA HEIMINUM

14. JANÚAR FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

OLARI ELTS HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ISABELLE FAUST EINLEIKARI

HJÁLMAR H. RAGNARSSON | DJÚPIÐ – SÁLUMESSA, FRUMFLUTNINGUR
BRETT DEAN | THE LOST ART OF LETTER WRITING,
FYRIR FIÐLU OG HLJÓMSVEIT
ANTONÍN DVOŘÁK | SINFÓNÍA NR. 9 Í E-MOLL,
„FRÁ NÝJA HEIMINUM“

Isabelle Faust hefur verið einn eftirsóttasti fiðluleikari heims um árabíl. Hún er Íslendingum að góðu kunn eftir að hafa verið staðarlistamaður hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands á árunum 2010–11 og heimsótt okkur nokkrum sinnum eftir það. Á þessum tónleikum leikur hún margverðlaunaðan fiðlukonsert eftir eitt þekktasta núlifandi tónskáld Ástralíu, Brett Dean, þar sem viðfangsefnið er hin týnda list bréfaskrifta. Þá verður frumflutt tónverkið Djúpið – Sálumessa eftir Hjálmar H. Ragnarsson, en hann lést í mars 2026. Í þessu tregafulla verki minnst hann vina og annarra sem gengið hafa af eigin hvötum yfir þröskuldinn sem aðskilur okkar verun og heim hins óþekkta. Djúpið – Sálumessa var síðasta hljómsveitarverkið sem Hjálmar lauk við. Tónleikunum lýkur svo með hinni sívinsælu sínfóníu Dvořáks, Frá nýja heiminum, sem snertir enn við áheyrendum með ógleymanlegum laglínunum og hrifandi dramatík.

14. JANÚAR

SINFÓNÍAN

Á MYRKUM

28. JANÚAR FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

BJARNI FRÍMANN BJARNASON HLJÓMSVEITARSTJÓRI
CAROLIN WIDMANN EINLEIKARI

ÞURÍÐUR JÓNSDÓTTIR | MISS REYKJAVÍK RITA
CLARA IANNOTTA | SAND LIKE GOLD-LEAF IN SMITHEREENS
KJARTAN SVEINSSON | NÝTT VERK – FRUMFLUTNINGUR
HAUKUR TÓMASSON | SIXTY SILVER DOMES – FRUMFLUTNINGUR
BÁRA GÍSLADÓTTIR | SEA SONS SEASONS
FRUMFLUTNINGUR Á ÍSLANDI

Á tónlistarhátíðinni Myrkum Músikdögum er ný tónlist í brenni-depli. Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflytur tvö tónverk eftir þá Kjartan Sveinsson og Hauk Tómasson. Þá eiga Bára Gísladóttir, Þuríður Jónsdóttir og Clara Iannotta einnig verk á efnisskránni. Kjartan er ótrúlega fjölhæfur tónlistarmaður og tónskáld. Þekktur sem einn af forsprökkum hljómsveitarinnar Sigur Rósar en einnig fyrir tónsmíðar sem fluttar hafa verið víða um heim. Haukur Tómasson er á meðal okkar fremstu tónskálda og hefur hljómsveitin flutt og hljóðritað fjölda verka hans. Ferill Báru Gísladóttur er á hraðri uppleið og á þessum tónleikum verður verk hennar, sea sons seasons, flutt í fyrsta sinn á Íslandi. Þar veitir tónskáldið fyrir sér hafinu og þeim fjölbreyttu verum sem þar búa, raunverulegum sem óraunverulegum. Á tónleikunum leikur hin heimspekkta Carolin Widmann nýjan fiðlukonsert eftir Clöru Iannotta. Þessi konsert komst nýlega í menningarpressuna þegar hljómsveitin sem pantaði verkið í upphafi neitaði að flytja það. Konsertinn er skrifaður fyrir Widmann og kannar lítamöguleika fiðlunnar og hljómsveitarinnar til hins ítrasta. Á tónleikunum hljómar einnig verk Þuríðar Jónsdóttur frá árinu 2014, Miss Reykjavík Rita.

28. JANÚAR

ARNHEIÐUR SYNGUR MAHLER



4. FEBRÚAR FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

TOMÁŠ HANUS HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ARNHEIÐUR EIRÍKSDÓTTIR EINSÖNGVARI

ANTONÍN DVOŘÁK | KARNIVAL FÖRLEIKUR
GUSTAV MAHLER | SÖNGVAR FÖRUSVEINSINS
GUSTAV MAHLER | URLICHT ÚR SINFÓNÍU NR. 2
JOHANNES BRAHMS | SINFÓNÍA NR. 1

Arnheiður Eiríksdóttir, messósópran, hefur skotist upp á stjörnuhimininn á síðustu árum og hlaut m.a. Alþjóðlegu óperuverðlaunin sem rísandi stjarna ársins 2024. Hér flytur hún okkur nokkur af fegurstu sönglögum Gustavs Mahler: Söngva förusveinsins, sem fjallar um ástir og sorgir förusveinsins og hið áhrifamikla Urlicht, eða Frumljós úr sínfóníu nr. 2, þar sem lýst er þránni eftir lausn frá veraldlegum þjáningum. Á síðari hluta tónleikanna stjórnar Tomáš Hanus, aðalgestastjórnandi Sínfóníuhljómsveitar Íslands, hinni gullfallegu sínfóníu nr. 1 eftir Johannes Brahms, en það tók tónskáldið yfir 20 ár að ljúka við hana. Biðin eftir verkinu margborgaði sig þar sem sínfónían er einn af hornsteinum rómantískra tónbókmennta.

4. FEBRÚAR

PRÓMEÞEIFUR



11. FEBRÚAR FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

BARBARA HANNIGAN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINSÖNGVARI
BERTRAND CHAMAYOU EINLEIKARI
RAFAEL ADOBAS BAYOG EINLEIKARI
FABIANA PICCIOLI LJÓSAHÖNNUN

GEORGE CRUMB | A HAUNTED LANDSCAPE
CLAUDE DEBUSSY | SYRINX
JEAN SIBELIUS | LUONNOTAR
MARIA HULD MARKAN SIGFÚSDÓTTIR | AEQUORA
ALEKSANDR SKRJABÍN | PRÓMEÞEIFUR, LJÓÐ ELDSINS

Listrænn stjórnandi og aðalhljómssveitarstjóri Sinfóníuhljómssveitar Íslands, Barbara Hannigan færir okkur tónleika sem hjúpaðir eru dulúð og sækja innblástur í fornar goðsagnir. Staðarlistamaðurinn, Bertrand Chamayou píanóleikari og Rafael Adobas Bayog, nýráðinn leiðari flautudeildar hljómssveitarinnar, eru í einleikshlutverkum kvöldsins. Einn af meisturum litbrigðanna, bandaríska tónskáldið George Crumb, dregur upp draugalega mynd af ímynduðu landslagi þar sem andar fortíðar eru á sveimi. Dreymandi einleikur Debussys um grísku gyðjuna Syrx leiðir okkur svo inn í tónaljóðið Luonnotar fyrir sópran og hljómssveit eftir finnska tónskáldið Jean Sibelius. Þar flytur Hannigan á ljóðrænan hátt söguna af því hvernig Luonnotar, gyðja lofts og hafs, skóp heiminn úr brotum af andareggi. Gríska sagan um Prómeþeif, sem stal eldinum frá guðnum til að færa mönnunum í formi visku og þekkingar hefur verið tónskáldum innblástur um aldir. Rússneska tónskáldið Aleksandr Skrjabin lét ekki sitt eftir liggja og skrifaði tónaljóðið Ljóð eldsins fyrir píanó og hljómssveit þar sem samspil lita, ljóss og skugga skapar einstaka stemningu í draumkenndri tónlistinni. Einnig hljómar verkið Aequora eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur sem sækir innblástur í hafdjúpin og lífríki þeirra.

11. FEBRÚAR

„Chamayou er framúrskarandi
tónlistarmaður, ekki spurning.“

THE GUARDIAN

BARBARA SYNGUR

KAMMERTÓNLEIKAR



13. FEBRÚAR

ZORN

„Einstakir
tónlistartöfrar,
ljóðrænir, frumstæðir
og hrífandi fallegir.“

THE GUARDIAN

13. FEBRÚAR LAUGARDAGUR KL. 17
NORÐURLJÓS HARPA

BARBARA HANNIGAN EINSÖNGVARI
BERTRAND CHAMAYOU PÍANÓLEIKARI

OLIVIER MESSIAEN | CHANTS DE TERRE ET DE CIEL
SÖNGVAR HIMINS OG JARÐAR
ALEXANDR SKRJABÍN | POÈME NOCTURNE / NÆTURLJÓÐ
ALEXANDR SKRJABÍN | VERS LA FLAMME / TIL LOGANS
JOHN ZORN | JUMALATTERET / GYÐJUR

Barbara Hannigan og píanóleikarinn Bertrand Chamayou bjóða til einstakra söngtónleika í Norðurljósum. Þessir tónleikar hafa farið sigurför um heiminn á undanförnum misserum og íslenskir tónlistarunnendur fá nú loks tækifæri til að njóta þeirra. Verkin á efnisskránni eiga öll uppruna í samspili náttúru og þeirra goðsagna sem mannkynið hefur mótað til að reyna að skilja heiminn. Þrír ólíkir meistarar eiga tónlistina hér en tveir þeirra, Messiaen og Skrjabín, eru jafnan taldir einhver frumlegustu og áhrifamestu tónskáld 20. aldar. Við bætist tónlist bandaríska tónskáldsins og spunameistarans Johns Zorn sem alltaf nær að skjóta sér undan skilgreiningum og koma á óvart. Tónleikarnir voru valdir meðal bestu tónleika ársins í New York á árinu 2024 af tónlistarblaðamönnum New York Times en í umsögn blaðsins sagði að þar töfrðu þau Hannigan og Chamayou fram epískan heim kvenorku og sköpunarkrafta.

PÍNULTI TÓNSPROTINN



20. FEBRÚAR LAUGARDAGUR KL. 14 & 15
FLÓI HARPA

RAGNHEIÐUR INGUNN
JÓHANNSDÓTTIR HLJÓMSVEITARSTJÓRI

NÍELS THIBAUD GIRERD/
BOLLI KÖNNUSON LE STELL KYNNIR

Pínultli tónsprotinn er sniðinn að allra yngstu áheyrendum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Tónleikarnir eru um hálf tímalangir og haldnir í Flóa, opnu og fallegu umhverfi í Hörpu. Hljómsveitin leikur fallega tónlist og skemmtileg lög sem margir þekkja. Kynnir er enginn annar en Bolli Könnuson Le Stell og Maxímús Músíkús kíkir að sjálfsögðu í heimsókn. Áhersla er lögð á létt og vinalegt andrúmsloft og nánd barnanna við hljómsveitina. Gott er að koma með púða fyrir þau minnstu til að sitja á.

Aðgangur er ókeypis og öll hjartanlega velkomin.

20. FEBRÚAR

FALSTAFF

ÓPERAN

FRUMSÝNING 6. MARS LAUGARDAGUR
ELDBORG HARPA

ALEXANDER JOEL HLJÓMSVEITARSTJÓRI
BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR LEIKSTJÓRI
ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON FALSTAFF

GIUSEPPE VERDI FALSTAFF

Fyrsta stóra uppfærsla Óperunnar verður gamanóperan Falstaff e. Giuseppe Verdi og er þetta er í fyrsta sinn sem þetta meistaraverk er sýnt á Íslandi. Verkið byggir á leikritinu Vindsórkonurnar kátu eftir William Shakespeare og fjallar um spaugilegar tilraunir aðalsmannsins Falstaff til að draga tvær efnaðar konur á talar og hafa síðan fé út úr eiginmönnum þeirra. Þær sjá fljótt í gegnum blekkingar kauða og taka til sinna ráða. Falstaff er fjörug og leiftrandi ópera um breyskleika og blekkingar, afbrýðisemi og hégómagirnd.

Ólafur Kjartan Sigurðarson fer með titilhlutverkið, en hann er einn ástsælasti söngvari Þjóðarinnar og hefur um árabíl staðið á óperusviði víða um heim. Önnur hlutverk eru í höndum einvalaliðs íslenskra söngvara, en óperan verður flutt á íslensku í þýðingu Sólveigar Sigurðardóttur og Þórhalls Auðar Helgasonar.

Hin nýstofnaða Ópera er hluti af Þjóðleikhúsinu og setur sýninguna upp í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands

Áskrifendur Sinfóníunnar fá 15% afslátt af miðaverði á óperuna Falstaff.



6., 13. & 20. MARS

ÁSTA DÓRA



LEIKUR GRIEG

11. MARS FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

TABITA BERGLUND HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ÁSTA DÓRA FINNSDÓTTIR EINLEIKARI

CARL NIELSEN | HELÍOS FORLEIKUR
EDVARD GRIEG | PÍANÓKONSERT Í A-MOLL
ANNA ÞORVALDSDÓTTIR | SHADOWS
OF SOLACE
FRUMFLUTNINGUR Á ÍSLANDI

Ásta Dóra Finnsdóttir er ein af okkar efnilegustu píanóleikurum og stundar nú framhaldsnám við einn virtasta tónlistarskóla heims, Curtis Institute of Music í Bandaríkjunum. Þetta er í fyrsta sinn sem Ásta Dóra kemur fram sem einleikari á áskriftartónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún leikur hér hinn síunga píanókonsert Griegs sem geislar af lífi og krafti. Konsertinn sló í gegn strax við frumflutning og hefur síðan verið eitt vinsælasta tónverk Griegs.

Á síðari hluta tónleikanna verður Íslandsfrumflutningur á nýju stórvirki eftir Önnu Þorvaldsdóttur, en jafnan er beðið eftir nýjum verkum frá Önnu með mikilli eftirvæntingu um allan heim. Verkið var pantað af Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveitinni í Boston, Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig og Filharmóníuhljómsveitinni í Helsinki. Hin norska Tabita Berglund, stjórnandi tónleikanna, er á hraðri uppleið í heimi hljómsveitarstjóra og tekur við stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar í Bergen haustið 2026.

11. MARS

MATTHEUSARPASSÍAN



18. MARS FIMMTUDAGUR KL. 19
ELDBORG HARPA

BENEDIKT KRISTJÁNSSON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINSÖNGVARI
ANTON HAUPT, HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR,
ODDUR ARNPÓR JÓNSSON, REGINALD MOBLEY
OG **SVEINN DÚA HJÖRLEIFSSON** EINSÖNGVARAR
KÓR LANGHOLTSKIRKJU, MÓTETTUKÓRINN
OG **SKÓLAKÓR KÁRSNESSKÓLA**

JOHANN SEBASTIAN BACH | MATTHEUSARPASSÍAN

Það er ekki á hverjum degi að ráðist er í flutning á þekvirkri J. S. Bachs, Mattheusarpassíunni, en árið 2027 verða 300 ár liðin frá frumflutningi hennar. Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur nú þetta stórvirki tónlistarsögunnar ásamt fjölda einsöngvara og kóra undir stjórn Benedikts Kristjánssonar. Benedikt er okkar fremsti túlkandi á söngtónlist Bachs og eftirsóttur sem slíkur um gervalla Evrópu. Hér leiðir hann hljómsveitina auk þess að syngja hlutverk guðspjallamansins. Með Benedikt koma fram margir af okkar fremstu söngvurum ásamt einvalaliði erlendra einsöngvara. Þeir kórar taka þátt í flutningi þessa mikilfenglega verks, sem tekur um þrjár klukkustundir í flutningi. Þetta eru tónleikar sem enginn tónlistarunnandi getur látið framhjá sér fara.

18. MARS

HISAISHI STJÓRNAR HISAISHI

2. APRÍL FÖSTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

JOE HISAISHI HLJÓMSVEITARSTJÓRI

TÓNLIST EFTIR JOE HISAISHI

Tónskáldið, hljómveitarstjórinn og píanóleikarinn Joe Hisaishi er einn þekktasti tónlistarmaður samtímans þökk sé fingerðri og vandaðri tónlist hans fyrir hljómveitir og einleikshljóðfæri. Hann hefur samið tónlist við yfir 100 kvikmyndir en það er einkum tónlist hans við kvikmyndir Ghibli-myndversins í Tókýó sem borið hefur hróður hans um heiminn. Hisaishi er eftirsóttur hljómveitarstjóri og kemur reglulega fram með fremstu sinfóníuhljómveitum heims og tónleikar með tónlist hans seljast íðulega upp með löngum fyrirvara. Meðal verka sem flutt verða er nýr konsert fyrir hljómveit og svíta úr einni af Ghibli-myndum hans.

Það er mikill fengur að fá þennan heimsþekktu tónlistarmann í heimsókn og geta notið í fyrsta sinn tónlistar hans í flutningi Sinfóníuhljómveitar Íslands.





EVA STJÓRNAR BRUCKNER 5

Sinfóniur Antons Bruckner hafa hrifið áheyrendur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í gegnum tíðina. Fimmta sinfónía Antons Bruckner er þar engin undantekning, en þessi tilkomumikla sinfónía skipar nokkuð sérstakan sess í höfundarverki Bruckners. Hún er frekar innhverft verk, hefst á hægum inngangi en þegar á líður rís hún upp í stórkostlegt samspil tóna og lita og nær hápunkti í glæsilegum lokabættinum.

Tónlist íslensk-þýska tónskáldsins Steingríms Rohloff hefur vakið mikla athygli á undanförunum árum og verk hans verið flutt víða um heim. Síðustu ár hefur hann einbeitt sér að einleikskonsertum fyrir einleikara í fremstu röð. Á þessum tónleikum fáum við að heyra Íslandsfrumflutning á konsert fyrir horn og hljómsveit sem saminn var að undirlagi Stefans Dohr, leiðara horndeildar Fílharmóníuhljómsveitar Berlínar. Konsertinn var frumfluttur í maí á síðasta ári í Álaborg og hlaut frábærar móttökur áheyrenda og gagnrýnendur töluðu um „meistaraverk sem á eftir heyrast aftur og aftur“. Hljómsveitarstjóri tónleikanna er Eva Ollikainen, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 2020 til 2026.

15. APRÍL FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

EVA OLLIKAINEN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
STEFAN DOHR EINLEIKARI

STEINGRÍMUR ROHLOFF | HORNKONSERT
ANTON BRUCKNER | SINFÓNÍA NR. 5

15. APRÍL

UNGIR EINLEIKARAR



**23. APRÍL FÖSTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA**

**SAMUEL LEE HLJÓMSVEITARSTJÓRI
SIGURVEGARAR KEPPINNAR
UNGIR EINLEIKARAR**

EFNISSKRÁ KYNNT SÍÐAR

Á þessum tónleikum, sem bera yfirskriftina Ungir einleikarar, kynnumst við nokkrum af björtustu framtíðarstjörnum íslenskrar tónlistar. Tónleikarnir eru sannkölluð uppskeruhátíð, þar sem sigurvegarar í einleikara- og einsöngskeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands stíga á svið með hljómsveitinni. Andrúmsloftið á þessum tónleikum er jafnan einstakt og eftirvæntingin mikil þegar ungu tónlistarfólki gefst færi á að koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, á glæsilegasta tónleikasviði landsins, í Eldborg.

Hljómsveitarstjóri að þessu sinni er Samuel Lee, sem sigraði hina virtu Malko-stjórnendakeppni árið 2024 og stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands á síðasta starfsári á eftirminnilegum tónleikum. Undirtektir gesta á tónleikunum voru afar góðar og því er honum boðið hingað á nýjan leik í þetta gefandi, en krefjandi verkefni.

Einleikarakeppnin fer fram í byrjun árs 2027 og verða nöfn sigurvegara og efnisskrá tónleikanna birt á vef hljómsveitarinnar þegar úrslit liggja fyrir.

23. APRÍL

LEONSKAJA LEIKUR MOZART



29. APRÍL

„Píanóleikari sem býr yfir visku, valdi og dirfsku.“

BACHTRACK

29. APRÍL FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

TOMÁŠ HANUS HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ELISABETH LEONSKAJA EINLEIKARI

WOLFGANG AMADEUS MOZART | PÍANÓKONSERT NR. 24
BEDŘICH SMETANA | MÁ VLAST / FÖÐURLAND MITT

Elisabeth Leonskaja hefur átt glæstan feril sem píanóleikari í um 60 ár – og þessi hógværa drottning hljóðfærisins heillar enn áheyrendur með litskrúðugum leik sínum og innblásinni túlkun. Á tónleikunum leikur hún hinn gullfallega píanókonsert nr. 24 í c-moll eftir W.A. Mozart, sem er einn af hans þekktustu og mest leiknu píanókonsertum. Tomáš Hanus, aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, leiðir hljómsveitina einnig í gegnum hið stórfenglega Má vlast eftir samlanda sinn, tékkneska tónskáldið Bedřich Smetana. Tónverkið hefur aldrei áður verið flutt hér í heild sinni en það er samsett úr sex sjálfstæðum tónaljóðum sem öll tengjast náttúru og sögu Bæheims. Annað tónaljóðið, Moldá, er langþekktasti hluti verksins og hefur margoft verið leikið af Sinfóníuhljómsveit Íslands.

ELISABETH LEONSKAJA

EINLEIKSTÓNLEIKAR

30. APRÍL FÖSTUDAGUR KL. 18
NORÐURLJÓS HARPA

ELISABETH LEONSKAJA PÍANÓ

LUDWIG VAN BEETHOVEN | FANTASÍA OP. 77
FRANZ SCHUBERT | PÍANÓSÓNATA Í B DÚR, D. 960

Hin heimspekkta Elisabeth Leonskaja nýtir Íslandsheimsókn sína vel og hér býðst öllum unnendum píanótónlistar einstakt tækifæri til að upplifa blæbrigðaríkan leik hennar á einleikstónleikum. Leonskaja fæddist í Georgíu rétt eftir að síðari heimsstyrjöldinni lauk. Hún sigraði Enesco píanókeppnina árið 1964 og lék til dæmis dúó tónleika með hinum goðsagnakennda Sviatoslav Richter. Frá árinu 1978 hefur Leonskaja verið búsett í Vínarborg og þaðan kemur hún með tónlist tveggja meistara í farteskinu. Hér hljómar annars vegar fantasía Beethovens sem líklegt er að tónskáldið hafi fyrst leikið af fingrum fram á risavöxnum tónleikum árið 1808, áður en hann festi verkið á blað ári síðar. Hins vegar tekst Leonskaja hér á við hinar feykimiklu og áhrifaríku sönötu Schuberts D 960 sem var síðasta sónatan sem hann samdi fyrir hljóðfærið skömmu fyrir dauða sinn og var ekki gefin út fyrr en að honum gengnum.



30. APRÍL



Í GRÆNNI LAUTU

LITLI TÓNSPROTINN

8. MAÍ LAUGARDAGUR KL. 14
ELDBORG HARPA

HJÖRTUR PÁLL EGGERTSSON HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ÓLAFUR EGILL ÓLAFSSON SÖGUMAÐUR OG KYNNIR

ANTONIO VIVALDI | ÚR ÁRSTÍÐUNUM
NIKOLAJ RIMSKÍJ-KORSAKOV | BÝFLUGAN
INGI T. LÁRUSSON | Ó, BLESSUÐ VERTU SUMARSÓL
MILEY CYRUS | BLÓM
VAUGHAN WILLIAMS | GEITUNGARNIR, FORLEIKUR
JOSEPH KOSMA | HAUSTLAUF
ENSKT LAG | FRÓST ER ÚTI FUGLINN MINN
ÍSLENSKT ÞJÓÐLAG | KRUMMI SVAF Í KLETTAGJÁ

Í grænni lautu er samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Listasafns Íslands og Grasagarðs Reykjavíkur. Þar eiga þjóðsögur, tónlist, myndlist og náttúran stefnumót. Við förum í árstíðatengt ferðlag þar sem tónlistin vekur allt að vori og listaverkin leika sér að litagleði sumarsins, fjúka með laufum haustsins og falla í djúpan dvala vetrarins.

Ólafur Egill Egilsson er sögumaður á þessum heilandi og lærdómsríku fjölskyldutónleikum og leiðir tónleikagesti í gegnum litróf árstíðanna þar sem tónlistin og grasafræðin sameinast myndlistinni sem varpað verður upp á meðan tónleikunum stendur.

Þetta eru fjölskyldutónleikar, sniðnir að ungum áheyrendum og er lengd tónleikanna um ein klukkustund án hlés.

ANTONINI > & < AVITAL



20. MAÍ FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

GIOVANNI ANTONINI HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINLEIKARI
AVI AVITAL EINLEIKARI

JOSEPH BOLOGNE | SINFÓNÍA NR. 1
JOHANN NEPOMUK HUMMEL | MANDÓLÍNKONSERT Í G-DÚR
JOHANN SEBASTIAN BACH | KONSERT FYRIR
MANDÓLÍN OG BLOKKFLAUTU Í C-MOLL, BWV 1060R
WOLFGANG AMADEUS MOZART | SINFÓNÍA NR. 41, JÚPÍTER

Mandólin er ekki algengt einleikshljóðfæri á tónleikum Sinfóníu-
hljósveitar Íslands en nú ber svo við að okkur heimsækir
þekktasti mandólinleikari samtímans, Avi Avital. Hann er heill-
andi tónlistarmaður og göldróttur á hljóðfæri sitt. Á þessum
tónleikum sýnir hann snilli sína í lafléttum konsert frá klass-
íska tímanum eftir Johann Nepomuk Hummel og einnig í
konsert fyrir mandólin og blokkflautu eftir meistara Bach þar
sem hljósveitarstjórinn Giovanni Antonini leikur á blokk-
flautuna. Antonini er auðsúgestur hingað til lands sem beðið
hefur verið eftir enda stjórnar hann öllum fremstu sífóníu-
hljósveitum heims. Antonini stjórnar hér ennfrumur tveimur
sífóníum klassíska tímans, annarri eftir Joseph Bologne sem
fengið hefur aukna athygli á síðustu árum í heimi sígildrar tón-
listar – og loks meistaraverki Mozarts, sífóníu nr. 41 sem jafnan
er kölluð Júpítarsífónían. Hún er síðasta og metnaðarfyllsta
sífónía Mozarts og jafnframt einn af hápunktum klassískrar
tónlistarhefðar.

FREYJA

27. MAÍ FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

BARBARA HANNIGAN HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINSÖNGVARI

HUGI GUÐMUNDSSON | FREYJA, FRUMFLUTNINGUR
LUDWIG VAN BEETHOVEN | SINFÓNÍA NR. 2

Barbara Hannigan, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Hugi Guðmundsson, staðartónskáld hljómsveitarinnar, taka hér höndum saman og frumflytja nýtt tónverk, Freyju, sem samið er í nánu samstarfi þeirra tveggja og kanadíska rithöfundarins Julie Salverson sem ritar texta verksins. Freyja sveiflast milli hins hversdagslega og goðsagnakennda. Innblástur verksins er hið merka lífshlaup Margrétar Benedictsson (1866–1956) sem fluttist 21 árs úr örbirgð íslenskra heimahaga til Kanada, þar sem hún varð síðar mikill baráttukona fyrir mannréttindum. Hún stofnaði m.a. tímaritið Freyju og var einstakt afl í baráttunni fyrir kosningarétti kvenna í Kanada. Verkið kannar einnig samþættingu þeirra tveggja hlutverka sem Hannigan fer með í verkinu; sem hljómsveitarstjóri og einsöngvari.

Tónleikunum lýkur svo með hinni kraftmiklu og líflegu sínfóníu nr. 2 eftir Ludwig van Beethoven. Þrátt fyrir að vitneskjan um óumflýjanlegt heyrnarleysi hafi litað líf hans dökkum litum um þetta leyti er sínfónían engu að síður full af gáska og stríðni. Hún er eitt stórt bros sem fylgir okkur vonandi út í milt vorkvöldið.





DRAUMUR Á JÓNSMESSUNÓTT

3. JÚNÍ FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

4. JÚNÍ FÖSTUDAGUR KL. 19:30
HOF AKUREYRI

BARBARA HANNIGAN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINSÖNGVARI

FELIX MENDELSSOHN | ÞÆTTIR ÚR DRAUMI
Á JÓNSMESSUNÓTT
AARON COPLAND | DANCE SYMPHONY
RICHARD RODGERS | CAROUSEL WALTZ
BILL ELLIOTT | AT THE FAIR

Í lok tónleikaársins býður Barbara Hannigan, aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi hljómsveitarinnar upp á heillandi og sumarlega efnisskrá. Tónleikarnir hefjast með fjórum þáttum úr tónlist Mendelssohns við leikritið Draum á Jónsmessunótt, þar á meðal eru hinn fjórlegi forleikur og brúðkaupsmarsinn alþekkti. Dansinn er áberandi í bandarískri tónlist, sem finna má á efnisskránni. Hringekjan snýst og snýst í dillandi valsi úr söngleik Richard Rodgers og Dansasinfónía Aarons Copland hljómar nú í fyrsta sinn á Íslandi, verk sem tónskáldið endurvann upp úr balletti sem aldrei varð. Í lok tónleikanna syngur Barbara Hannigan í nýrri tónsmíð, Á hátíðinni, sem hún hefur skapað ásamt bandaríska kvikmynda- og leikhústónskáldinu Bill Elliot.

Tónleikarnir verða endurteknir í styttri útgáfu, án Dansasinfóníunnar, í Hofi á Akureyri.



„Tónlist Tan Dun er jafn víðfeðm og hún er altæk og höfðar til áheyranda um allan heim.“

GRAMMOPHONE

TAN DUN &

STRAVINSKÍJ

10. JÚNÍ FIMMTUDAGUR KL. 19:30
ELDBORG HARPA

TAN DUN HLJÓMSVEITARSTJÓRI
SORAYA NAYYAR EINLEIKARI

ÍGOR STRAVINSKÍJ | FEU D'ARTIFICE / FLUGELDAR
TAN DUN | WATER CONCERTO,
KONSERT FYRIR VATNSSLAGVERK OG HLJÓMSVEIT
ÍGOR STRAVINSKÍJ | LE CHANT DU ROSSIGNOL
SÖNGUR NÆTURGALANS

TAN DUN | PASSACAGLIA: SECRETS OF WINDS AND BIRDS

Tan Dun er eitt af þekktustu tónskáldum samtímans og er hvað þekktastur fyrir að hafa náð að tengja saman kínverska og vestræna tónlistarhefð á listilegan máta. Hann er þekktur fyrir sínfónísk verk sín jafnt sem kvikmyndatónlist og hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna fyrir verk sín, þ. á m., Grammy-, BAFTA- og Óskarsverðlaunin fyrir tónlist sína við kvikmyndina *Crouching Tiger, Hidden Dragon*. Hann er góðvildarsendiherra UNESCO á sviði vatnaverndar, enda er vatn og önnur frumefni afar algengt yrkisefni í verkum hans. Leiðari pákudeildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Soraya Nayyar, mun leika hinn einstaka vatnskonsert eftir Tan Dun, þar sem vatnið er oft og tíðum aðal einleikshljóðfærið. Á tónleikunum verða einnig flutt tvö verk eftir Stravinskíj í fyrsta sinn á Íslandi: Æskuverkið *Flugeldar*, sem vakti verðskuldaða athygli á tónskáldinu unga þegar verkið var frumflutt og tónaljóðið *Söngur næturgalans*, sem Stravinskíj vann upp úr óperu sinni *Næturgalanum* frá 1914. Andi Vorblótsins svífur yfir vötnunum í þessu litskrúðuga og fjörmikla tónaljóði sem segir söguna af því hvernig söngur næturgalans bræddi hjarta keisarans í Kína.

10. JÚNÍ



FRÆÐSLUSTARF & SKÓLATÓNLEIKAR

Öflugt og fjölbætt fræðslustarf er mikilvægur þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hefur verið allt frá stofnun hennar.

Fræðslustarfið er í stöðugri þróun þar sem áhersla er lögð á gæði, fjölbreytileika, inngildinguna og samstarf. Skólatónleikar fyrir nemendur á öllum skólastigum og skólaheimsóknir eru fastur liður í starfsemi hljómsveitarinnar. Auk þess stendur hljómsveitin fyrir Ungsveitarnámskeiði, keppni ungra einleikara í samvinnu við Listaháskóla Íslands og hljómsveitarstjóraakademíu fyrir tónlistarnema.

Frekari upplýsingar:
sinfonia.is/fraedslustarf

Í ÚTVARPI & SJÓNVARPI



Saga Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins er samofin [...]

Saga Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins er samofin og í áratugi hafa hlustendur Rásar 1 um allt land getað hlýtt á tónleika hljómsveitarinnar í beinni útsendingu á Rás 1. Mikil áhersla er lögð á vandaða dagskrágerð í tengslum við tónleikana. Hægt er að nálgast upptökur frá tónleikum og Á leið í tónleikasal á ruv.is. RÚV sjónvarpar einnig beint frá Klassíkinni okkar í ágúst árlega og sjónvarpar frá nokkrum völdum áskriftartónleikum á starfsárinu auk þess að sýna Jólatónleikana í sjónvarpinu.

TÓNLEIKAKYNNINGAR



Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands býður í samvinnu við hljómsveitina upp á tónleikakynningar fyrir alla áskriftartónleika á starfsárinu. Á kynningunum gefst tónleikagestum tækifæri til að fræðast um efnisskrána í tali og tónum. Veitingasalan hefst í Hörpuhorni kl. 18:00 og geta gestir setið í notalegu umhverfi og notið veitinga. Sjálf kynningin hefst kl. 18:20 og stendur í um hálf tíma. Tónleikakynningar eru haldnar í Hörpuhorni á 2. hæð, fyrir framan Eldborg. Aðgangur er ókeypis og öll eru velkomin.

VINAFÉLAGIÐ

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands er öflugur vettvangur fyrir þá sem láta sig starfsemi hljómsveitarinnar miklu varða. Félagið hefur í gegnum tíðina staðið fyrir tónleikakynningum, fyrirlesturum og málþingum um sígilda tónlist og hefur einnig styrkt fjárhagslega ákveðin verkefni tengd hljómsveitinni.

Allir geta orðið meðlimir í Vinafélaginu – skráðu þig á sinfonia.is/vinafelag eða í miðasölu Hörpu.

SKÓLAKORTIÐ

Námsmenn yngri en 25 ára eiga kost á frábæru tilboði til að njóta tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Námsmenn ná sér í Skólakort Sinfóníunnar í miðasölu Hörpu eða skrá sig á vef hljómsveitarinnar sinfonia.is/skolakort. Á tónleikadegi geta skólakortshafar keypt miða á alla almenna áskriftartónleika Sinfóníunnar á aðeins 2.590 kr. Hægt er að kaupa miða á þessum bestu kjörum hvar sem er í salnum, allt eftir því hvað er laust á tónleikadegi. Það er ekki hægt að láta svona kostakjör renna sér úr greipum.

OPNAR ÆFINGAR

Sinfóníuhljómsveitin opnar dyrnar að lokaæfingum á tónleikadegi fyrir flesta áskriftartónleika. Hægt er að kaupa aðgang að æfingunum í miðasölu Hörpu, á harpa.is og sinfonia.is. Lokaæfing hefst kl. 10:00 en aðgangur er takmarkaður við ákveðin sæti í Eldborg á 1. svölum. Þetta er tilvalið tækifæri til að dýpka upplifun og skilning á tónlistinni sem flutt verður á tónleikum um kvöldið. Tekið skal fram að opnu æfingarnar eru vinnuæfingar og dagskrá þeirra því ekki endilega í fullu samræmi við tónleika kvöldsins.

NÝ TÓNVERK ÚT GÁFA PANTANIR

Sinfóníuhljómsveit Íslands stuðlar að nýsköpun íslenskra tónverka; bæði með því að taka til flutnings ný og eldri verk sem send eru inn til verkefnavalsnefndar, en hljómsveitin hefur einnig haft frumkvæði að því að panta ný verk af íslenskum tónskáldum. Á komandi starfsári verða þrjú tónverk frumflutt sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur pantað, ýmist ein eða í samstarfi við aðrar hljómsveitir. Það eru verkin Freyja eftir Huga Guðmundsson, sea sons seasons eftir Báru Gísladóttur og Shadows of Solace eftir Önnu Þorvaldsdóttur.

TVG-ZIMSEN

Fyrirmyndir okkar í óaðfinnanlegum flutningi

Vandvirkni, lipurð og dýnamík eru lykilorð í okkar fagi. Við erum stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands og leggjum okkur fram við að ná sömu hæðum og sveitin þegar kemur að hljóðfæraflutningi á okkar sviði.





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS 2026 – 2027

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
NN*
Una Sveinbjarnardóttir
Bryndís Pálsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Joanna Bauer
Laufey Jensdóttir
Laura Liu
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Wei Lín Sigurgeirsson
Zbigniew Dubik
NN*
NN*

2. FIÐLA

NN*
Gunnhildur Daðadóttir
Emma Garðarsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Justyna Bidler
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Þórdís Stross

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Ríta Þoríris
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Urh Mrak

BASSI

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson
NN*

FLAUTA

Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno

ÓBÓ

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARINETT

NN*
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Justin Mange
Emil Steindór Friðfinnsson
Yi-Ling Shih
NN*

TROMPET

Zach Silberschlag
Einar Steinþór Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

NN*

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Marco Santos
Steef van Oosterhout
Frank Aarnink

FRAMKVÆMDA- OG

SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
(í leyfi)
Rut Sigurðardóttir
markaðsfulltrúi (í afleysingu)
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvit Hrólfssdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Brynja Guðmundsdóttir
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tækni mála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðsmaður

STJÓRN

Sigurður Hannesson
formaður
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

VERKEFNAVALSNEFND

2025–26

Tryggvi M. Baldvinsson,
formaður
Daníel Bjarnason
Grímur Helgason
Hjördís Ástráðsdóttir
Margrét Ragnarsdóttir
Ragnar Jónasson
Sigrún Eðvaldsdóttir
Soraya Nayyar
Urh Mrak
Valdís Þorkelsdóttir
Þorbjörg Daphne Hall

* í ráðningarferli

Kvika eignastýring er stoltur styrktaraðili
Sinfóníuhljómsveitar Íslands



KVIKA
Eignastýring



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

TRYGGÐU ÞÉR GOTT SÆTI Á BETRA VERÐI

ALMENNT MIÐAVERÐ

Miðaverð á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands getur verið breytilegt. Boðið er upp á ólík verðsvæði í Eldborg og því ættu allir að geta valið sér sæti. Nánari upplýsingar um verð á einstaka tónleika er að finna á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu.

ÁSKRIFTAKORT

Áskrift að tónleikaröðum Sinfóníuhljómsveitarinnar veitir 20% afslátt af almennu miðaverði. Tvær raðir veita 25% afslátt af miðaverði og þrjár raðir veita 30% afslátt. Áskrifendur fá einnig 10% afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika. Endurnýjun og sala korta fer fram á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu.

REGNBOGAKORT

Regnbogaáskrift veitir 20% afslátt af almennu miðaverði. 25 ára og yngri njóta 50% afsláttar með Regnbogakorti af almennu miðaverði á verðsvæðum 2 og 3 í Eldborg.


GJAFAKORT SINFÓNÍUNNAR

Gjafakort Sinfóníunnar fást í miðasölu Hörpu og á sinfonia.is. Þau eru tímalaus og renna ekki út. Hægt er að prenta út rafræn gjafakort strax eða fá þau afhent í sérstökum gjafaumbúðum Sinfóníunnar í miðasölu Hörpu.

Miðasala Hörpu er opin alla daga vikunnar **kl. 10–18** og lengur á tónleikakvöldum. Hægt er að hafa samband við miðasöluna í síma **528 5050** og á midasala@harpa.is.

	RAUÐ RÖÐ 7 TÓNLEIKAR	GUL RÖÐ 7 TÓNLEIKAR	GRÆN RÖÐ 5 TÓNLEIKAR	LITLI TÓNSPROTINN 3 TÓNLEIKAR
1	52.080 kr.	52.080 kr.	38.320 kr.	10.160 kr.
1+	64.400 kr.	64.400 kr.	46.960 kr.	10.160 kr.
2	39.760 kr.	39.760 kr.	29.680 kr.	8.240 kr.
3	28.560 kr.	28.560 kr.	21.200 kr.	8.240 kr.
4	17.360 kr.	17.360 kr.	13.200 kr.	

SVARTA RÖÐIN | 5 TÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM
22.000 kr.



Útgefandi: Sinfóníuhljómsveit Íslands vorið 2026

Ritstjórn: Margrét Ragnarsdóttir

Textar: Tryggvi M. Baldvinsson, Margrét Ragnarsdóttir,
Hjördís Ástráðsdóttir og Guðni Tómasson

Hönnun og umbrot: Aton

Myndskreytingar: Sigurður Ýmir

Hópmýnd af hljómsveit: Ari Magg

Ljósmyndir: Ýmsir

Prentun: Litróf, umhverfisvottuð prentsmiðja

Athugið að tilhögun tónleika, miðaverð og annað
sem greint er frá í þessum bæklingi kann að breytast
án fyrirvara. Nýjustu upplýsingar er ávallt að finna
á vef Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sinfonia.is.

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Harpa, Austurbakka 2, 101 Reykjavík
Sími 545 2500